



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Tónlist í skólastarfi

Tónlist og söngur sem mikilvægur þáttur í málörvun tví- og fjöltyngdra barna

Lokaverkefni M.Art.Ed.

Anna Margrét Óskarsdóttir

Vor 2021

Listaháskóli Íslands

Listkennsludeild

Tónlist í skólastarfi

Tónlist og söngur sem mikilvægur þáttur í málörvun tví- og fjöltyngdra barna

Lokaverkefni M.Art.Ed.

Einingafjöldi: 20

Anna Margrét Óskarsdóttir

Kt.180577-4599

Leiðbeinandi: Kristín Valsdóttir

Vor 2021

Ágrip

Meistaraprófsritgerð þessi er fræðileg umfjöllun um tengsl tónlistar við tungumálaúrvinnslu og fleiri þætti er tengjast námi og mannlegu eðli. Fjallað er um fjölgun barna á Íslandi sem hafa íslensku sem annað tungumál og námslega stöðu þeirra. Færð eru rök fyrir því að tónlist og söngur geti haft margvíslega ávinninga þegar kemur að námi, eflt orðaforða og bætt málkunnáttu tvítyngdra barna meðal annars með því að stuðla að aukinni notkun tungumálsins. Jafnframt er hér vísir að starfendarannsókn þar sem prófaðar verða leiðir við að nota tónlist og söng í almennu skólastarfi með aðferðum starfendarannsókna. Niðurstöður benda til þess að tónlist, einkum sönglög geti aukið notkun tungumálsins og að í þeim felist dýrmætt tækifæri til að vinna með það á fjölbreyttan hátt.

Abstract

This thesis explores the association between music and language processing, cognition, learning in general, and other human nature areas. In recent years there has been a sharp increase of students with Icelandic as a second language in Iceland. With reference to a growing number of studies reporting links between music and linguistic abilities, I purposefully tried out new ways to use music and songs with Icelandic lyrics with bilingual students as a language stimulator and to enhance their vocabulary. Parallel action-based research was performed where I systematically explored my role as a teacher and the process of teaching. The primary purpose of this project was to enhance the use of the Icelandic language among my students. Results indicate that music activities in the classroom can aid language use and that music, songs in particular embody multiple opportunities to enhance language skills and vocabulary in bilingual students.

Efnisyfirlit

Formáli	6
Inngangur.....	7
1. Fræðilegur grunnur.....	11
1.1 Staða tvítyngdra barna á Íslandi	11
1.2 Fjölgreindarkenning Howard Gardner	11
1.3 Tónlist og söngur í sögulegu samhengi	12
1.4 Söngur í skólastarfi og víðar.....	13
2. Tónlist/söngur og hugræn úrvinnsla	16
2.1 Áhrif tónlistar á hugarstarf, einkum tungumálaúrvinnslu	16
2.2 Söngur og hreyfing	16
2.3 Tónlist/sönglög og tengsl við minnisgeymd.....	17
2.4 Tónlist og tilfinningar.....	18
2.5 Tónlist og lestur	20
3. Samþætting og samantekt.....	22
4. Aðferðafræði og framkvæmd rannsóknar	24
4.1 Um starfendarannsóknir	24
4.2 Vísir að starfendarannsókn, af hverju?	24
4.3 Ég og sköpunarferlið	26
4.4 Uppbygging og framsetning verkefna	28
4.5 Verkefni 1	28
4.6 Verkefni 2.....	34
4.7 Verkefni 3	40
4.8 Verkefni 4.....	43
5. Niðurstöður og umræður	47
5.1 Verkefni 1 – Læra sönglög og vinna með þau	48
5.2 Verkefni 2 – Lagasmíð	49
5.3 Verkefni 3 – Hlustun, upplifun og skráning.....	50
5.4 Verkefni 4 – Cup song/bollalagið.....	50
Lokaorð.....	51
Heimildir.....	52

Formáli

Þessi ritsmíð er 20 eininga meistaraþrófsritgerð til M.Art.Ed-gráðu frá Listaháskóla Íslands. Verkefnið var einstaklega lærdómsríkt og gefandi og mun án efa nýtast mér vel í starfi mínu sem kennari barna með íslensku sem annað mál. Ég vil sérstaklega þakka leiðbeinanda mínum, Kristínu Valsdóttur, fyrir frábæra leiðsögn og uppbyggilegar ábendingar, fjölskyldu minni fyrir ómetanlegan stuðning og þolinmæði síðastliðna mánuði og samstarfsfólki fyrir sveigjanleika og hvatningu.

Inngangur

Tungumál er mikilvæg forsenda þess að eiga góð og innihaldsrík samskipti. Færni í því hefur áhrif á hvað við segjum, hvernig við komum hugsunum okkar í orð, hvernig við skiljum annað fólk og hvernig við tengjumst því (Schnorr, 2018). Tungumálakunnátta getur bæði haft áhrif á tjáningu og skilning og þar af leiðandi hvernig einstaklingi vegnar í félagslegum samskiptum, sem er yfirleitt stór þáttur í lífi fólks. Erfiðleikar í því að geta tjáð sig leiða oft til misskilnings, svo það er mikill ávinningur fólginu í því að búa yfir góðum málskilningi og kunna að koma vel fyrir sig orði. Það virðist vera svo að tíminn vinni gegn því að læra nýtt tungumál og að eftir því sem við eldumst verði erfiðara að ná góðum tókum á nýju tungumáli. Í nýlegri rannsókn Hartshorne, Tenenbaum og Pinker (2018) kemur fram að hæfnin til að læra annað tungumál en sitt eigið móðurmál haldist stöðug fram til 17-18 ára aldurs. Þá er sérstaklega horft til þess eiginleika að geta tileinkað sér málfraeðireglur. Eftir þann aldur fer hæfnin að dvína jafnt og þétt. Einnig kemur fram að til að einstaklingur eigi möguleika á að ná svipaðri endanlegri færni í öðru tungumáli og þeir sem hafa lært annað tungumál frá fæðingu samhliða móðurmáli, þurfi tungumálanámið að hefjast eigi síðar en við 10-12 ára aldur. Í eldri rannsókn Collier (1989) kemur fram að það taki 4-7 ár að læra annað tungumál í grunnskóla, en munurinn liggur í því hvort um er að ræða samræðugetu eða flókna málkunnáttu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019). Það hefur samsvörun við niðurstöður Hartshorne og féлага (2018) að farsælt tungumálanám þurfi að hefjast í síðasta lagi við 10-12 ára aldur og að hæfnin fari dvínandi upp úr 17-18 ára aldri.

Á Íslandi hefur fólki af erlendum uppruna fjölgað hratt á undanförunum áratugum og voru innflytjendur á Íslandi 14,1% mannfjöldans þann 1.janúar 2019. Hagstofa Íslands skilgreinir innflytjanda annarsvegar sem einstakling sem fæddur er erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur og hins vegar einstaklingur sem fæddur er á Íslandi og á foreldra sem báðir eru innflytjendur. Nýbúar búa í öllum landshlutum en langflestir í Reykjavík eða 63,6% þeirra (Hagstofa Íslands, 2019). Að sama skapi hefur börnum með annað móðurmál en íslensku fjölgað mjög. Til glöggvunar skal tekið fram að árið 1997 voru nemendur með íslensku sem annað tungumál hér á landi 377 en árið 2015 voru þeir orðnir 3.543 sem verður að teljast umtalsverð fjölgun (Hulda Karen Daniélsdóttir og Hulda Skogland, 2018).

Námsleg staða tví- og fjöltyngdra (hér eftir tvítyngdra) barna hefur jafnframt átt undir högg að sækja en það er meðal annars hægt að lesa úr gögnum frá Hagstofu Íslands. Þar kemur fram að haustið 2012 hófu 251 innflytjandi nám á framhaldsskólastigi á Íslandi. Þegar tölur eru

skoðaðar frá árinu 2016 kemur í ljós að aðeins 29% þeirra höfðu útskrifast úr náminu sem er hátt brottfall úr námi hjá þessum hópi. Sé litið til ársins 2017 hófu 95,7% innlendra barna nám í framhaldsskóla samanborið við 80,7% innflytjenda og því ljóst að færri börn af erlendum uppruna eru að skila sér í framhaldsskólana (Miðja máls og læsis, 2019).

Nýlegar tölur benda til þess að námsleg staða þessara barna sé ekki að lagast heldur færast til verri vegar. Þegar litið er á tölur yfir ótímabært brottfall íslenskra ungmenna úr námi á aldrinum 18-24 ára kemur í ljós að það er mun hærra hlutfall en almennt í Evrópu. Á Íslandi er meðaltalið 21,5% samanborið við 10,6% í Evrópu. Rannsóknir sýna að tvítyngdum börnum á Íslandi gengur verr í PISA könnunum en tvítyngdum börnum í nágrannalöndum (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019). PISA er yfirgripsmikil alþjóðleg könnun á hæfni og getu 15 ára nemenda þar sem prófaður er lesskilningur, læsi á náttúruvísindi og læsi á stærðfræði (Menntamálastofnun, 2018). Þá er óviðunandi að mikill munur sé á árangri tvítyngdra og eintyngdra barna í samræmdum prófum á Íslandi. Skert málkunnátta skerðir mjög náms- og starfsmöguleika tvítyngdra barna þegar fram í sækir, standa þarf vörð um rétt og möguleika þeirra (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019). Lervag og Aukrust (2010) fundu út að orðaforði hjá nemendum í öðrum bekk var stór áhrifaþáttur þegar kom að hæfni og getu í lesskilningi. Það er því full ástæða til að vinna markvisst að því að auka orðaforða nemenda til að þau standi betur að vígi.

Það verður ekki hjá því komist að velta fyrir sér hvað veldur því að aðstæður á Íslandi fyrir tvítyngd börn séu ekki betri en raun ber vitni. Hvað erum við að gera rangt og hvað getum við gert betur? Það er brýnt verkefni að finna leiðir til að efla íslenskukunnáttu barna með íslensku sem annað mál. Það liggur beinast við að gera það með aðkomu skóla þar sem skólaskylda ríkir hér á landi frá sex til 16 ára. Ein leiðin er að nota fjölbreyttari kennsluáferðir.

Hlutfall barna sem koma frá heimilum þar sem talað er annað móðurmál en íslenska er hvað hæst í Fellaskóla í Breiðholti eða 80-90% (Sjöfn Þráinsdóttir, munnleg heimild, 3. maí 2021). Höfundur starfar þar sem umsjónarkennari. Í Fellaskóla er unnið öflugt starf með áherslu á auðugt íslenskt málumhverfi. Meðal annars er aukin íhlutun í málörvun í 1. -2. bekk þar sem unnið er með íslenskt tungumál á fjölbreyttan hátt og með aðkomu talmeinafræðinga. Dæmi um verkefni tengd málörvun sem eiga fastan sess í skólastarfinu er svokölluð hringekja einu sinni í viku þar sem unnið er markvisst með íslenskt tungumál í fjölbreyttum verkefnum. Þá er nemendum skipt í sex hópa sem dreifast á jafnmargar stöðvar. Hver hópur dvelur í tíu mínútur á hverri stöð og vinnur ýmis verkefni undir leiðsögn kennara/leiðbeinanda sem tengjast því þema sem verið er að vinna með hverju sinni. Skipt er um þema á tveggja vikna fresti. Dæmi um þemu eru: dýr, líkamshlutar, tilfinningar og andstæður, litir og form, umferðin og borgin,

starfsheiti og náttúran. Einnig er lagt mikið upp úr söng í 1. bekk. Reglulegar söngstundir í heimakrók er partur af hefðbundnu skólastarfi og að auki eru flestir nemendur í 1. -2. bekk þátttakendur í kórstarfi innan skólans. Undanfarin ár hefur verkefnið einn, tveir og Fellaskóli staðið yfir sem gengur út á að nemendur í 1. -2. bekk hafa samfelldan skóladag frá klukkan 08:20 til 15:40 og þannig nær hefðbundið skóla- og frístundastarf að mynda eina heild. Það er gagnert til að lengja dvöl nemenda í íslensku málumhverfi (Fellaskóli, e.d.).

Tónlist sem hluti af tilverunni

Tónlist skiptir máli í lífi flestra einstaklinga, en er sumum kærari en öðrum. Sumir hafa unun af tónlist og njóta hennar með virkri hlustun eða tónlistariðkun af ýmsu tagi en aðrir gefa henni minni gaum. Það er erfitt að ímynda sér hversdagsleikann án tónlistar því þótt áhuginn sé takmarkaður þá verður hún víða á vegi okkar, oft án þess að við fáum nokkru um það ráðið. Flestir eru útsettir fyrir slíkri upplifun af einhverju tagi mörgum sinnum á dag, til dæmis frá raftækjum eins og sínum eða öðrum snjalltækjum, þvottavél, sjónvarpi, útvarpi auk þess sem tónlist er oft notuð í bakgrunni í verslunum, veitingastöðum eða öðrum samkomustöðum og víðar. Hún er einnig stór partur af lífi flestra barna frá blautu barnsbeini, jafnvel frá dvöl þeirra í móðurkviði. Ófætt barn í móðurkviði fer að greina hljóð einhversstaðar á bilinu 20-30 viku meðgöngu. Nýfætt börn þekkja rödd móður sinnar og stundum föður, muna eftir ljóðum sem voru lesin reglulega fyrir þau í móðurkviði og einnig sönglögum sem þau heyrðu oft á þriðja hluta meðgöngu (DeCasper og Spence, 1986, Van de Car og Lehrer, 1986, eins og vísað er til í Shore og Strasser, 2006).

Flestir foreldrar og umönnunaraðilar syngja fyrir börn frá unga aldri og oft er mikið um söng á fyrsta skólastiginu, í leikskólanum. Tónlistin hljómar þar að auki víða í eyrum barna meðal annars í tölvuleikjum, frá sjónvarpsefni, símtækjum og ýmsum forritum svo eitthvað sé nefnt. Hún er stór hluti af hversdagsleikanum og er ekki aðskilin menningu barna heldur fléttast inn í tungumálið. Ef skoðaðar eru hinar fjölmörgu ólíku aðstæður þar sem börn upplifa tónlist í sínu lífi má fá innsýn í félags- og menningarlegan tungumálaheim þeirra (Winters og Griffin, 2014).

Þar sem tónlist er hluti af tilveru flestra barna er verðugt að skoða hvernig nýta megi tónlist og söng í hefðbundnu skólastarfi og bjóða upp á fjölbreyttari kennslu með listrænni nálgun. Tónlist er áhrifaríkur og vannýttur miðill sem gæti hugsanlega hjálpað til við að minnka getubilið milli tvítyngdra og eintyngdra barna í íslensku tungumáli svo allir hafi jafna náms-

og starfsmöguleika óháð uppruna. Íslensk sönglög eru ekki bara skemmtileg, heldur fjársjóður orða og orðasambanda sem bjóða upp á einstakt tækifæri til ýmiskonar tungumálavinnu, hvort sem er til að efla orðaforða eða útskýra málfræðihugtök. Hér á eftir verður fjallað um notagildi tónlistar og söngs í viðtæku samhengi og með fræðilegum stuðningi. Farið verður gróflega yfir hlutverk tónlistar í sögulegu samhengi og fjallað um söng í skólastarfi og tengsl tónlistar meðal annars við nám, tungumál, minni og tilfinningaúrvinnslu.

Í ritgerðinni voru hafðar til hliðsjónar eftirfarandi rannsóknarspurningar: Er tónlist og söngur í almennu skólastarfi árangursrík aðferð til að efla málkunnáttu barna með íslensku sem annað mál? Geta sönglög og önnur tónlistarverkefni hvatt til frekari notkunar tungumálsins, innan og utan skólatíma. Er hægt að auka snertinguna við tungumálið með áhugaverðum og skemmtilegum sönglögum í kennslu?

1. Fræðilegur grunnur

1.1 Staða tvítyngdra barna á Íslandi

Eins og fram hefur komið er málkunnátta tvítyngdra barna í íslensku töluvert lakari á Íslandi en málkunnátta tvítyngdra barna í öðrum löndum, í því tungumáli sem ríkir í viðkomandi samfélagi. Elín Þöll Þórðardóttir (2019) rannsakaði íslenskukunnáttu tvítyngdra barna við upphaf grunnskólagöngu sem flest höfðu verið á íslenskum leikskólum fjögur árin á undan. Þar kom í ljós að þriðjungur barnanna kundi tungumálið en þriðjungur kundi það alls ekki. Ekki hefur tekist að finna nákvæma skýringu á því hvað veldur því að stór hluti tvítyngdra barna læri tungumálið ekki sem skyldi í leikskólum hér á landi en nokkrir þættir hafa verið nefndir. Stundum er talað um að tvítyngd börn eigi það til að einangrast, þau kundi ekki að blandast í hóp, mikil útivera komi í veg fyrir að hægt sé að vinna markvisst með tungumálið og að þau tali önnur mál en íslensku í leikskólanum. Rannsóknir sýna að það sem skiptir mestu máli fyrir barn sem lærir annað tungumál en móðurmál sitt sé snertingin við hið nýja tungumál, það er hversu miklum tíma er varið í tungumálið. Hugsanlega er það stærsta vandamálið að ekki sé nægilega mikið talað við börnin á íslensku. Til að tvítyngd börn nái að tileinka sér tungumál þess samfélags sem þau búa í þurfa þau að verja að minnsta kosti 50% af vökutíma sínum í málumhverfi samfélagsins. Nemendur í íslenskum grunnskólum hafa styttri skólalag en nemendur í mörgum öðrum löndum sem þýðir að í sumum tilfellum ná þau ekki að verja 50% af vökutíma sínum í íslensku málumhverfi (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019).

1.2 Fjölgreindarkenning Howard Gardner

Svokölluð greindarpróf hafa í gegnum tíðina gagnast við að meta stöðu nemenda í ákveðnum námsþáttum og hafa niðurstöður sýnt fylgni við námsárangur. Prófin hafa verið gagnrýnd, þá helst fyrir þær sakir hversu einsleit og afmörkuð þau eru. Þau gefa til að mynda vísbendingu um gengi fólks í hefðbundnu námi eins og lestri, rökhusun og stærðfræði en spá engu fyrir um tónlistarhæfileika eða getu í íþróttum sem dæmi (Sigurður J. Grétarsson, 2000). Bandaríski sálfræðingurinn Howard Gardner var andsnúinn stöðluðum, afmörkuðum greindarprófum og hafði þá trú að greind væri ekki bundin við örfáa vitsmunapætti heldur gæti fólk haft vitsmunalega yfirburði á einstaka sviðum, óháð getu á öðrum. Þessu til stuðnings skipti hann greindarþáttum upp í átta hluta; félagsgreind, sjálfsþekkingargreind, rök- stærðfræðileg greind, náttúrugreind, rýmisgreind, hreyfigreind, tungumálagreind og tónlistargreind (Marenus, 2020).

Samhliða kenningu sinni hélt Gardner því fram að umbylta þyrfti öllu skólstarfi til að nemendur fengju betur notið sín, en áherslan framan af hafði verið á tungumál og stærðfræði/rökfræði. Hann benti á að nemendur með styrkleika á öðrum sviðum fengju oft ekki örvun við hæfi í skólum og væru taldir hafa námsörðugleika eða einfaldlega falla undir þá skilgreiningu að vera tossar. Hugmyndir Gardner kölluðu á annarskonar kennsluaðferðir og endurskipulagningu á undirbúningi og þjálfun kennaranema. Gardner hafði þá sýn að nota ætti undirþætti allra fjölgreindanna átta í almenna kennslu, tónlist var þar á meðal. Kenning Gardner hefur hlotið mikinn meðbyr um víða veröld og margir kennarar og skólafólk hafa tileinkað sér þessar aðferðir, að hluta eða öllu leyti. Grunnhugmyndin á bak við kenninguna er að allir einstaklingar hafi jöfn tækifæri til náms, á sínum forsendum, þar sem styrkleikar hvers og eins fái notið sín og eru ræktaðir (Armstrong, 2021).

Fjölgreindarkenning Gardner rennur stöðum undir notkun tónlistar og sönglaga í kennslu. Tónlistin er reyndar það víðfeðm að hægt væri að samþætta hana við marga aðra greindarþætti Gardner. Í fljótu bragði má sjá að tónlist og tungumál tengjast sterkum böndum í gegnum sönglög, tónlist og hreyfigreind má tengja saman til dæmis í gegnum dans eða hrynfingar, styrkja má félagsgreind með hópsöng og ýmsum tónlistarleikjum, hryn og nótnagildi mætti tengja við stærðfræði og að syngja sönglög um dýr eða önnur náttúrufyrirbrigði gæti stutt við náttúrugreind.

1.3 Tónlist og söngur í sögulegu samhengi

Mikið hefur verið fjallað um ýmskonar áhrif tónlistar, meðal annars á hugarástand en þau fræði eru þó ekki ný af nálinni. Forngrískri heimspekingurinn Platon (um 427 f.kr. - 347 f.kr.) fjallaði um móður sem ruggaði barni sínu og sönglaði lag því til sefunar. Hann hafði þá skoðun að tónlistin fullkomnaði einstaklinginn (Rouget, 1985). Þó voru aðrir sem efuðust og ríkti ólga innan kirkjunnar um langt skeið þar sem uppi voru heitar umræður um ágæti tónlistar og hvort hún ætti yfirleitt erindi inn í kirkjusamfélagið. Heimspekingurinn Augustine sem var uppi á fjórðu og fimmtu öld e.kr. var einn efasemdamannanna. Hann viðurkenndi að tónlist hefði jákvæð vitsmunaleg áhrif en flokkaði hana jafnframt sem nauðfulla upplifun sem gæti truflað hugsun og dregið úr mætti bænarinnar. Hann gekkst þó við því að tónlist gæti hjálpað trúvilltum með því að leiða þá inn á rétta braut og styrkja þá í trú sinni (Seaton, 1991).

Eftir að deilur höfðu staðið yfir í fjölda ára viðurkenndi kaþólska kirkjan loks að tónlist hefði ekki eingöngu menntunarfræðilegt gildi heldur væri einnig mikilvægt afl sem gæti verið kirkjunni til hagsbóta. Þeim rökstuðningi var haldið á lofti að með tónlist yrði trúarlegur

boðskapur aðgengilegri og merkingarbærari fyrir söfnuðina. Hún gæti auðveldað fólki að læra sálma og ná tengingu við trúarboðskapinn (Sloan, 1990). Það er því ljóst að tónlistin á sér langa sögu og hefur fylgt mannkyninu um langa hríð. Merriam (1964) benti ennfremur á að söngvar eigi stóran þátt í því að bókmenntir, þjóðsögur og kvæði hafi lifað af tímanna rás. Sönglög hafa lengi verið notuð til að varðveita frásagnir og kveðskap og þannig tryggt varðveislu heimilda, löngu áður en hið skrifaða orð varð til. Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því að sönglögin þóttu hentug heimildavarsla en Rubin (1995) telur að það megi skýra með því að þau sameina hrynjanda, hljóð, merkingu og tilfinningar (eins og vísað er til í Engh, 2013). Tónlist er merkilegt fyrirbæri fyrir þær sakir að hún er alþjóðleg á heimsvísu. Það kemur fram hjá Boyd (1989) að mannfræði- og þjóðfræðilegar rannsóknir hafi leitt í ljós að ómögulegt sé að finna samfélag sem þrífst algjörlega án tónlistar. Þrátt fyrir það sé tónlist ólíkra menningarheima oft gjörólík og getur haft misjafnt gildi fyrir hvert samfélag.

1.4 Söngur í skólastarfi og víðar

Fræðirit benda til þess að sú venja að syngja fyrir börn sé ævagömul hefð og ýmis smáatriði varðandi söngformið hafi lifað af tímans tönn þrátt fyrir iðnvæðingu og þéttbýlismyndun síðustu alda (Trehub og Trainor, 1998). Söngurinn hefur þá sérstöðu að hann gerir yfirleitt ekki kröfur um neina sérstaka kunnáttu eða þjálfun. Það er öfugt við hljóðfæraleik sem krefst oft mikillar vinnu við þrotlausar æfingar um margra ára skeið. Það kemur því ekki á óvart að sönglistin sé jafn vinsæl og raun ber vitni. Foreldrar og umönnunaraðilar barna á öllum aldri nota sönginn ýmist til skemmtunar, örvunar eða sefunar. Sungið er í skólastarfi, frístundum, trúarlegu starfi og á ýmsum samkomum svo dæmi séu tekin. Söngurinn veitir gleði og léttir lund. Fólki á öllum aldri virðist almennt líða vel þegar það syngur. Sýnt hefur verið fram á að samsöngur, þegar hópur fólks syngur saman, hafi jákvæð áhrif á traust og samvinnu innan hópa (Anshel og Kipper, 1988).

Fleiri rannsóknir benda til þess að hópsöngur hafi í för með sér ýmiskonar ávinning. Bailey og Davidson (2002) gerðu rannsókn á karlakór með heimilislausum mönnum. Þegar jákvæðar breytingar komu fram á lífshögum hluta kórfélaga eftir að þeir gerðust meðlimir í kórnum þótti ástæða til að skoða betur hvort söngurinn hefði haft þar áhrif. Tekin voru viðtöl við mennina sem leiddu í ljós að þátttaka í kórnum hafði haft jákvæð tilfinningaleg, félagsleg og vitsmunaleg áhrif. Niðurstöður voru túlkaðar á þann veg að þátttaka í hópsöng gæti dregið úr þunglyndi, aukið sjálfstraust, eflt félagsleg samskipti og örvað vitsmunagetu. Kreutz (2014)

skoðaði áhrif þátttöku í hópsöng á félagsleg tengsl og þá sérstaklega tengsl söngs við sál-líffræðilega þætti eins og framleiðslu hormónanna oxytocin, cortisol og DHEA. Samkvæmt niðurstöðum þá hafði hópsöngurinn þau áhrif að jákvæðar tilfinningar jukust, neikvæðar tilfinningar minnkuðu og framleiðsla á gleðihormóninu oxytocin jókst sem hefur sýnt jákvæð áhrif á félagsleg tengsl (Gordon, Martin, Feldman og Leckman, 2011).

Hjá börnum hefur einnig komið fram félagslegur ábati af hóptímum í tónlist. Kirschner og Tomasello (2010) gerðu rannsókn á hjálpssemi fjögurra ára barna. Í tilrauninni var 96 börnum skipt upp í tvo hópa og unnu börnin saman í pörum. Hver hópur tók þátt í þriggja mínútna leikstund, við svipaðar aðstæður. Munurinn var að annar hópurinn var að búa til tónlist, syngja, dansa og spila á ásláttarhljóðfæri en hinn hópurinn lék sér alveg án tónlistar. Strax eftir leikstundina voru settar á svið aðstæður þar sem prófuð var hjálpssemi barnanna og samstarfsvilji við að leysa þraut. Niðurstöður leiddu í ljós að börnin í tónlistarhópnum hjálpuðu hvort öðru meira en börnin sem ekki höfðu leikið með tónlist. Áhrifin komu fram hjá báðum kynjum, en var meiri hjá stúlkum. Það er einnig áhugavert að börnin sem ekki hjálpuðu en voru í tónlistarhóp gáfu mun oftari einhverja útskýringu á því af hverju þau vildu ekki hjálpa sem bendir til aukinnar hluttekningar og félagslegrar hollustu hjá þeim börnum sem voru í tónlistarhópnum.

Schellenberg o.fl. (2015) fundu samskonar áhrif hjá börnum í 3. -4. bekk sem tóku þátt í 40 mínútna tónlistartíma einu sinni í viku í tíu mánuði. Fyrir og eftir íhlutunina voru allir nemendur í tilraunahóp og samanburðarhóp prófaðir í félagsfærni og samkennd og seinni mælingin leiddi í ljós að þessir eiginleikar jukust hjá hópnum sem hafði tekið þátt í tónlistartímum.

Leikskólinn er yngsta skólastigið og þar er yfirleitt lögð rík áhersla á söng í daglegu starfi. Það er ekki sjálfgefið að blómlegu sönglífi sé viðhaldið af sama móði í grunnskólum, enda þarf eitthvað að víkja fyrir bóklegu námi sem stjórnast að miklu leyti af hæfniviðmiðum sem gefin eru upp í Aðalnámskrá grunnskóla. Pascale (1999) sem hefur áratugareynslu af því að innleiða listir í menntun segir þó helstu ástæðuna fyrir því að minna er sungið í skólum vera vantrú kennara á eigin sönghæfileikum. Þeir telji sig ekki ekki hafa nógu góða söngrödd til að kenna nemendum sínum lög sem vekur upp spurningar um hver tilgangurinn sé með söngnum. Pascale segir bekkjarsöng ekki vera leið til að finna hver hefur sönghæfileika og hver ekki heldur eigi markmiðið að vera að virkja alla nemendur til þátttöku. Söngstarf eigi ekki að vera bundið við tónmenntastofuna eða kórstarf skólans. Gæði raddarinnar eru ekki eins mikilvæg og margir halda (Page, 1995 eins og vísað er til í Pascale, 1999). Söngur er miklu frekar lifandi afl sem getur snert við tilfinningum, gefið innblástur, verið heilandi og róandi og síðast en ekki

síst öflugt sameiningartákn. Pascale segir frá ferð sinni til Ghana í Afríku þar sem allt önnur viðhorf ríkja til þátttöku í tónlist en almennt á Vesturlöndum. Þar er sjaldan gerð aðgreining á milli flytjenda og hlustenda, allir taka þátt með einhverjum hætti með því ýmist að syngja, dansa, leika á hjóðfæri eða hrópa/kalla. Enginn er talinn með öllu hæfileikalaus (Pascale, 1999). Ég tek heilshugar undir sjónarmið Pascale, enda nota ég söng mikið með mínum nemendum, bæði markvisst í tengslum við aðra námsþætti en einnig til að brjóta upp hefðbundið nám og ég finn hvað það lífgar upp á skólastarfið og getur einnig hjálpað til við bekkjarstjórn. Í bekkjarsöng eru allir nemendur jafnir, hluti af hóp en á sínum forsendum. Eina krafan er að þau taki þátt í söngnum, hver með sínu nefi.

2. Tónlist/söngur og hugræn úrvinnsla

2.1 Áhrif tónlistar á hugarstarf, einkum tungumálaúrvinnslu

Söngur er merkilegur fyrir þær sakir að hann virkjar allar heilastöðvar. Það er þó misjafnt hvaða hluti heilans er mest virkur, það fer eftir áherslunni hverju sinni. Þegar verið er að læra texta er fremri hluti vinstra heilahvels virkastur, þar sem heilasvæðin Broca og Wernicke eru staðsett, en þegar unnið er með laglínu, er hægri heilahvelið í fyrirrúmi (Trollinger, 2010). Við hlustun tengjast heilafrumur og mynda ný tauganet sem er mikilvæg undirstaða fyrir allt nám. Winter og Griffin (2014) segja söng með börnum bjóða upp á einstakt tækifæri til nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og árangursríka leið til að efla orðaforða og orðskilning hjá börnum á ólíkum þroskastigum. Hjá Streeter (1976) kom fram að börn hefðu meðfæddan hæfileika og innbyggðan búnað til að skynja tungumál og hljóðmynstur. Einnig er sagt frá því að fyrstu hljóð sem börn mynda á lífsleiðinni séu svipuð milli barna heilt yfir, óháð því hvar á jörðinni þau fæðast. Í grein þeirra Winters og Griffin er sérstaklega til skoðunar hvort tónlistartengd verkefni af ýmsu tagi auki annars vegar orðaforða (e. *lexical acquisition*), sem er sá fjöldi orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu og hins vegar orðskilning (e. *semantic knowledge*), þá er átt við merkingu orða og hæfni til að nota þau rétt í tungumálinu. Skoðaðir voru tveir aldurshópar, tveggja til þriggja ára börn og svo börn í öðrum bekk í grunnskóla. Niðurstöður leiddu í ljós að tónlistaríhlutun (söngur og annarskonar tónlist) hafði jákvæð áhrif á aukningu orðaforða og bætti orðskilning (Winters og Griffin, 2014).

2.2 Söngur og hreyfing

Campbell (2010) benti á að börnum væri eðlislægt að hreyfa sig (klappa, dansa) og syngja þegar þau heyra tónlist sem þau ná tengingu við. Hann stóð jafnframt í þeirri trú að mannleg samskipti hæfust í líkamanum en ekki með tali. Máli sínu til stuðnings tók hann sem dæmi vísur og sönglög með handahreyfingum (e. *fingerplay*), þar sem hendur eru notaðar til að leggja áherslu á orð, útskýra texta og til að halda athygli barna. Handahreyfingarnar virka þá sem hvatning fyrir börnin til að hreyfa sig líka, sem síðan leiðir athygli þeirra að orðunum í textanum. Í bók Kari-Lynn Winters er hreyfing sögð vera ómissandi partur af því að læra tungumál því hún hjálpar börnum að skilja orð og dýpkar skilninginn (eins og vísað er til í Winters og Griffin, 2014). Murphey (1992) hefur rannsakað samspil söngs og hreyfingar. Hann

komst að því að upplýsingar (sem verið var að miðla í gegnum sönglög) gleymdust gjarnan ef engar hreyfingar voru með hjá ungum börnum. Sönglög með hreyfingu útskýra mun betur merkingu orða og hjálpa börnunum að finna sinni náttúrulegu orku farveg. Ef vel útfærð hreyfing fylgir lagi hefur það góð áhrif á minnið og hjálpar börnum að muna lagið og finna réttu orðin.

2.3 Tónlist/sönglög og tengsl við minnisgeymd

Líkt fram hefur komið geta sönglög hjálpað fólki við að muna upplýsingar, barnalög eru gott dæmi um þetta. Lög eins og *Stafrófslagið*, *Dagarnir og mánuðirnir* og *Litalagið*, eru allt vinsæl barnalög sem notuð eru í bæði skólastarfi og heimahúsum. Lög af þessu tagi eru bæði til skemmtunar og menntunar, því þau geta hjálpað börnum að þekkja stafí, liti og heiti daga. Auglýsendur hafa á sama hátt notið góðs af tónlist í gegnum tímanna rás. Ég man ennþá símanúmerið hjá Pizzusmiðjunni, veitingastað sem rekinn var á tíunda áratugnum. Staðurinn var auglýstur í útvarpi og e.t.v. sjónvarpi og hljómaði auglýsingin svona:

"Við bjóðum ykkur bestu gæði, pizza frá okkur er algjört æði, pizzusmiðjan, úhú. Þú hringir og pantar, við sendum þér fljótt, rjúkandi pizzu fram á rauða nótt. Já hringdu í 72177.....Hringdu og fáðu pizzuna heim!"

Það sem er minnisstætt við þessa auglýsingu er að hún var sungin og ég man viðlagið (sem hefur að geyma mikilvægustu upplýsingarnar í auglýsingunni) eins og ég hafi heyrt það í gær: „Já hringdu í 72177.... hringdu og fáðu pizzuna heim!“ en einhverra hluta vegna man ég ekki laglínuna í öðrum hluta lagsins. Hún myndi sjálfsagt rifjast fljótt upp ef ég heyrði lagið en þetta er að mínu mati lýsandi dæmi um hvað tónlist getur hjálpað til við að muna upplýsingar.

Flestir kannast við að heyra lag í útvarpinu og muna textann jafnvel þótt lagið hafi ekki heyrst í mörg ár, laglínan kallar textann fram úr minni eins og fjallað er um hjá Purnell-Webb og Speelman (2008). Þau rannsökuðu áhrif tónlistar á minni og voru niðurstöður þær að hrynjandi í töluðu máli, með eða án tónlistar, gæti aukið endurheimt á texta úr minni sem er vísbending um að hrynjandi sé einskonar „korktafla“ (e. *schematic frame*) sem orðin festast við. Kunnuglegur hrynjandi eða laglína hvetur til endurheimtar úr minni. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að endurtekning texta með laglínu gaf ekki betri niðurstöður heldur en endurtekning texta í töluðu máli. Orðrétt endurheimt (e. *verbatim*) var betri þegar textinn var sunginn eða lesinn með hrynjanda heldur en ekki, sem gæti skýrst af „korktöflunni“ sem virðist virkjast þegar texti er sunginn eða með áberandi hrynjanda.

Wallace (1994) stóð fyrir röð rannsókna um sambandið á milli tónlistar, tungumáls og minnis. Í fyrstu tilrauninni hlustuðu þátttakendur á texta úr tveimur lögum sem var ýmist talaður eða sunginn, samtals fimm sinnum. Orðrétt endurheimt var prófuð eftir fyrstu, aðra og fimmtu hlustun. Niðurstöður sýndu betri endurheimt þegar tónlist fylgdi textanum í öllum prófunum. Í næstu tilraun var reynt að sýna fram á að það væri fleira en hrynjandi í tónlist sem yki endurheimt. Til að prófa þetta voru sömu textarnir notaðir en nýtt úrtak þátttakenda. Sömu aðferð var beitt með einni breytingu, í stað þess að heyra eingöngu talaðan texta var hann fluttur á taktfastan máta með taktmæli í bakgrunninum. Niðurstöður voru í samræmi við fyrri niðurstöður, textinn sem var sunginn skilaði betri endurheimt en sá talaði, þrátt fyrir áberandi hrynjanda (Wallace, 1994, eins og vísað er til í Stokes, 2008). Murphey (1992) hélt því fram að tónlist hefði þann eiginleika að hún „græfi“ sig inn í heilann. Sönglög væru þannig uppbyggð að þau tengjast bæði skammtíma- og langtímaminni og því hentug leið til að læra tungumál. Tónlist og tungumál eru nefnilega nátengd og að mörgu leyti með svipaða uppbyggingu. Uppbygging þeirra samanstendur af stökum hljóðum eða einingum sem í tungumáli nefnist hljóðungur og í tónlist nóta. Þegar mörg stök hljóð koma saman verður til röð setninga sem myndar tungumál eða röð tónhendinga sem býr til tónlist út frá einhverju ákveðnu formi. Afurðin er merkingarbært mynstur hljóða. Sloboda (1990) telur merkingarfræði tungumáls tengjast þeim tilfinningaþrungnu áhrifum sem tónlist getur haft á fólk og getu hlustandans til að greina mismunandi tilfinningar í tónlist (eins og vísað er til í Stokes, 2008).

2.4 Tónlist og tilfinningar

Boyd (1989) bendir á að tónlist geti haft jákvæð áhrif á tilfinningalíf barna og aukið bæði vitsmunalegan og líkamlegan þroska. Winters og Griffin (2014) segja söng og aðra tónlistarsköpun gefa börnum tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, skilja hugmyndir sínar betur og eiga í samfélagi við aðra, á æðra plani en orð gefa tilefni til. Einnig kemur fram að það sé ungum börnum eðlislægt að hreyfa sig, klappa og syngja þegar taktur eða laglína höfðar til þeirra (sjá einnig Campbell, 2010).

Richard Gill (2011) trúði því að tónlist væri stórkostlegt tækifæri fyrir börn til að virkja sköpunarkraftinn, ólíkt nokkru öðru. Hún væri listform sem krefðist athygli, einbeitingar og ákafrar, sérstakrar hugsunar hjá börnum. Tónlist væri óhlutbundin (e. *abstract*), þ.e. hún hefði enga merkingu annars staðar en í sjálfri sér. Gill trúði því að hlutverk hennar væri ekki að lýsa einhverju eða segja fyrirfram ákveðna sögu heldur væri það að laða fram, leiða hugann að, gefa

í skyn og umfram allt opna hugann hjá barni. Slíkt gæti gerst með undraverðum hætti, því tónlistin vekur upp ólíkar tilfinningar hjá hverjum og einum. Hann var á þeirri skoðun að mikilvægast af öllu væri að börn fengju tækifæri til að semja sína eigin tónlist, með röddinni sinni. Að hans mati er söngurinn besta leiðin til að fá alla til að taka þátt og að með söng kennum við börnum læsi, að geta lesið og skrifað, og að rannsaka. Með tónlistinni opnast hugur barna á sérstakan hátt, ólíkt því sem gerist í öðrum listgreinum eins og leiklist, dansi og myndlist. Listsköpun í skólaskrifum gefur börnum tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, hugmyndir, skoðanir og gildi, með eða án orða (Russell-Bowie, 2009, eins og vísað er til í Heyning, 2010).

Það er áhugavert að velta fyrir sér áhrifamætti tónlistarinnar, hvernig hún getur breytt hugarástandi hlustandans og dregið fram djúpar tilfinningar. Það er hins vegar erfitt að lýsa henni með orðum með því að vísa í eitthvað annað en tónlistina sjálfa því það er persónubundið hvernig hlustandinn bregst við. Margir tónlistarkennarar, kórstjórar og aðrir sem vinna með tónlist í kennslu hafa að öllum líkindum gripið í það ráð að útskýra muninn á dúr og moll með þeim einfalda hætti að moll hljómi sorglega og dúr glaðlega. Það sem meira er, þessi skýring virðist virka því börn eru yfirleitt fljót að átta sig á þessum mun og svara rétt þegar spurt er hvort tónlist sé í dúr eða moll.

Gregory og félagar (1996) gerðu rannsókn á þessu og prófuðu þrjá aldurshópa, tveggja til þriggja ára, sjö til átta ára og fullorðið (ungt) fólk. Markmiðið með henni var að athuga hvort þessi leið til aðgreiningar, að dúr hljómi glaðlega og moll sorglega, væri lærd eða ekki. Hún var í stuttu máli á þann veg að þátttakendur hlustuðu á lag sem var annað hvort í dúr og moll og áttu svo að benda á mynd af brosandí andliti eða sorgmæddu andliti. Börnin sem voru þriggja til fjögurra ára virtust benda á andlitin sitt á hvað, óháð því hvort lagið var í dúr eða moll. Munurinn var strax mun meiri hjá sjö til átta ára hópnum og enn meiri hjá þeim fullorðnu, semsagt frekar var bent á brosandí andlit þegar lagið var í dúr og sorgmætt andlit þegar lagið var í moll. Niðurstöður voru túlkaðar á þann veg að þessi aðgreining væri lærd upp úr þriggja til fjögurra ára aldri. Þessar niðurstöður komu bæði á óvart og ekki. Það hefur verið ákveðið misræmi í þessari einföldu skýringu því sönglög í moll geta vel haft jákvæðan boðskap eða gleði í textanum og sönglög í dúr haft neikvæðan eða sorglegan boðskap, og allt þar á milli. Það er áhugavert að skoða íslensk sönglög í þessu ljósi. Íslensku sönglög: *Senn kemur vor*, *Vertu til er vorið kallar á þig*, *Vorvindar glaðir*, *Söngur Dimmalimm*, *Vor í Vaglaskógi* og *Þýtur í laufi* eru dæmi um lög sem eru samin í moll en textinn er á jákvæðum nótum, þar sem greina má von, ást, gleði og fögnuð svo fátt eitt sé nefnt. Á sama hátt eru til lög í dúr með texta sem vekur upp sorg eða eftirsjá t.d. *Lítill drengur*, *Söknuður* og *Nína*. Svo eru enn önnur sönglög með tregafullum texta sem hoppa á milli molls og dúrs, til dæmis *Vísur Vatns-enda*

Rósu. Þrátt fyrir það þá eru ótalmörg sönglög með sorglegum texta eða fjalla um erfiðleika og standa þannig undir nafni samkvæmt gömlu skýringunni, sem erfitt er að ímynda sér öðruvísi en í moll. Sem dæmi um það má nefna *Til eru fræ*, *Maístjarnan*, *Hótel jörð* og *Sofðu unga ástin mín*. En það kann að vera að vaninn spili þar stórt hlutverk. Því má ekki gleyma að sönglagatextar geta flutt allskonar boðskap sem ekki endilega þarf að tengja við gleði eða sorg, mörg þeirra fjalla til dæmis um ástina sem bæði getur haft jákvæðar og neikvæðar tilfinningar og allt þar á milli.

Juslin og Laukka (2004) birtu samansafn orða sem áttu að lýsa tónlist eftir því hvort hún var talin endurspeglar gleði, sorg, reiði, ótta eða blíðleika. Þar kom fram að tónlist sem oftast var talin sorgleg var meðal annars með hægum takt, lágstemmd, í ósamræmi, með stutt tónbil milli hæstu og lægstu nótu, oftast í moll tóntegund og með daufan tónblæ. Þau atriði sem oftast voru nefnd um glaðlega tónlist voru meðal annars hraður taktur, fáar hrynþreytingar, vítt tónbil, staccato, bjartur hljómbær, dúr tóntegund og einfaldur hljómagangur. Það er því ýmislegt fleira við samsetningu tónverka sem skiptir máli, ekki bara tóntegundin. Það gæti verið áhugavert að greina hljómasamsetningu íslenskra sönglaga í tengslum við boðskap texta, en það er efni í aðra rannsókn.

2.5 Tónlist og lestur

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á tengingu á milli tónlistartengdrar þjálfunar og/eða tónlistarhæfileika við ýmskonar hæfni sem ekki tengist tónlist. Margar þessarar rannsóknir hafa sýnt jákvæða fylgni. Dellatolas og félagar (2009) sýndu fram á að hæfni fimm til sex ára barna í að endurtaka einföld taktmynstur væri forspá um frammistöðu í lestri í öðrum bekk. Anwari o.fl (2002) skoðuðu sambandið á milli hljóðkerfisvitundar, tónlistarskynjunar og upphafs lestrarnáms hjá fjögurra til fimm ára börnum. Tónlistarskynjun hafði mikla fylgni við hljóðkerfisvitund og lestrarfærni. Þessar tvær rannsóknir eru brot af mörgum samskonar rannsóknum sem sýnt hafa fylgni á milli tónlistar og lestrargetu.

Gordon o.fl (2015) gerðu allsherjarrannsókn (e. *meta-analysis*) á tengslum tónlistar og lesturs. Í henni er vísað í margar rannsóknir sem sýnt hafa töluverða fylgni tónlistarþjálfunar við ýmsa þætti í lestrarfærni án þess endilega að um orsakasamband væri að ræða og er fjallað um þær af varúð. Til að fullyrða megi um orsakasamband á milli tónlistarþjálfunar og hæfni í öðrum viðfangsefnum sem ekki tengjast tónlist þurfa að liggja fyrir gögn sem byggð eru á langtímarannsóknum með stýrðri, ótvíræðri íhlutun í formi tónlistarþjálfunar, sem sýna að hún

hafi gert gagn. Gordon og félagar leituðu meðal annars svara við því hvort tónlistarþjálfun bætti árangur í lestri, til skoðunar voru einkum hljóðkerfisvitund og lestrarhraði. Gögnum úr samtals 4855 rannsóknum (með fyrirfram ákveðnum skilyrðum) var safnað saman og leiddu samanteknar niðurstöður í ljós að tónlistarþjálfun jók hljóðkerfisvitund en ekki lestrarhraða. Niðurstöður voru þó túlkaðar með þeim fyrirvara að þörf sé á fleiri athugunum sem ná yfir lengri tíma.

3. Samþætting og samantekt

Í upphafi var greint frá alvarlegri stöðu tvítyngdra barna á Íslandi með tilliti til málkunnáttu í íslensku og námsárangurs miðað við eintyngda jafnaldra. Rannsóknir sýna að hæfni í tungumáli þess samfélags sem börn búa í skipti sköpum fyrir framtíðarmöguleika er varða nám og störf í því samfélagi. Það bendir til þess að tvítyngd börn á Íslandi virðast eiga minni möguleika á velgengni í framtíðinni í námi og starfi hér á landi en eintyngd börn. Í fræðilegri umfjöllun kom fram að snerting við tungumálið sem á að læra skipti höfuðmáli, því meiri örvun sem einstaklingur fær í tungumálinu því betri árangur næst (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019). Fjallað var um tónlist og söng og færð rök fyrir því að full ástæða sé til að nýta tónlist meira í skólalastarfi, ekki síst til að efla málkunnáttu tvítyngdra barna.

Í tengslum við fræðilega umfjöllun hér að ofan er hér samantekt um hvernig tónlist, einkum sönglög geta stutt við kennslu í tungumálum og öðrum greinum. Stuðst var við handbók á veraldarvefnum um notkun sönglaga í kennslu (*Using songs in language teaching practice*).

- Söngur auðveldar fólki að læra og leggja á minnið einstaka þætti tungumálsins eins og orð og uppbyggingu setninga. Sönglög bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til að gera efnið áhugavert.
- Hrynjandi í sönglagi hjálpar til við að æfa réttan framburð ásamt því að hjálpa laginu að festast í minni.
- Margskonar hópleikir (söng- og hreyfileikir) geta verið gagnlegir við að þjálfa grundvallaratriði í samskiptum.
- Hægt er að fara á dýptina og rýna í lagatexta úr frá tilfinningum. Þegar texti og laglína koma saman í eina heild verða tilfinningaáhrifin oft mun meiri sem getur aukið áhuga nemenda og hvatt þá til að hlusta áfram.
- Sönglagatextar gefa vísbendingu um samsetningu tungumálsins. Oft er hægt að finna áhugavert efni sem býður upp á fjölbreytta málfræðivinnu t.d. skoða merkingu, lykilorð, málfar, samsett orð, samheiti, andheiti og leita orða sem framkalla minningar.
- Stundum vekja sönglög upp minningar sem gefur tilefni til frekari umræðu.
- Menningarlegt sjónarmið: Í lagatextum má stundum fræðast um menningu, sögu, landafræði og hefðir ólíkra landa. Hægt er að finna sönglög í tengslum við ákveðin þemu eða í samþættingu við ýmsar námsgreinar.

- Sönglög bjóða upp á möguleika til þverfaglegrar vinnu. Hægt er að tengja tónlist og söng við margar kennslugreinar og á sama hátt nýta tónlist til að leggja áherslu á ákveðið viðfangsefni í kennslu.
- Við lærum mest þegar bæði heilahvelin eru virk í einu. Vinstra heilahvelið ber ábyrgð á rökhugsun, stærðfræði og tungumáli, hægra snýr að sköpun (listum), sjónrænu myndmáli og tilfinningum. Bæði heilahvelin virkjast þegar unnið er með tónlist og tungumál saman.
- Nota má tónlistarmyndband til að virkja fleiri skilningarvit.
- Nota mætti laglínu úr sönglagi sem kveikju og biðja nemendur að spinna framhaldið eða breyta laglínu og búa til tilbrigði við stef, ásamt texta.
- Hægt er að vinna með sönglög í hópavinnu eða sjálfstæðum verkefnum.

Þetta er ekki tæmandi listi um notagildi tónlistar/sönglaga í kennslu. Einn af helstu kostunum við sönglög er að í þeim getur falist dulbúinn lærdómur. Ennfremur hefur söngur mikið skemmtanagildi í fyrir börn og því frábær leið til að læða að ýmiskonar fróðleik við afslappaðri aðstæður en almennt við hefðbundið nám.

4. Aðferðafræði og framkvæmd rannsókna

4.1 Um starfendarannsóknir

Starfendarannsókn er skilvirkt ferli þar sem viðfangsefnið hefur í flestum tilvikum einhverja tengingu við þátttakendur í rannsókninni og er markmið rannsakanda iðulega að bæta stöðu ákveðins markhóps (Sagor, 2021). Hine (2013) segir starfendarannsóknir kjörið tækifæri fyrir fagfólk í skólastarfi til að hafa áhrif á starf sitt með kerfisbundinni, áhrifaríkri nálgun þar sem tekið er mið af aðstæðum hverju sinni. Í skólum geta þær verið af ýmsum toga og vísa til fjölbreyttra matskenndra og greinandi aðferða sem beitt er í afmörkuðum hópi. Markmiðið er oftast að kennarar gera rannsókn á eigin starfi til að öðlast betri skilning á eigin starfsháttum og finna hagnýtar lausnir nemendum og starfinu til hagsbóta (Hafþór Guðjónsson, 2011; McNiff, 2010). Í sumum tilvikum er verið að bregðast við vandamálum eða veikleikum en í öðrum vilja kennarar bæta þekkingu sína og betrubæta starf sitt. Almennt er reynt að finna einfaldar og hagnýtar aðferðir í kennslu sem hægt er að endurtaka og leiða með tímanum til betri árangurs í skólum, hjá kennurum eða í einstaka verkefnum. Starfendarannsóknir eru frábrugðnar öðrum, formlegri rannsóknum í vísindum þar sem rannsakendur eru yfirleitt utanaðkomandi, óháðir aðilar með það markmið að búa til nýja þekkingu (kenningu) sem hægt er að yfirfara á aðrar aðstæður, í öðru samhengi. Engu að síður geta starfendarannsóknir verið mikilvægt framlag inn í skólasamfélagið og gefið innsýn inn í nýjar aðferðir og þekkingu sem getur nýst mörgum innan þess vel (The glossary of Education Reform, n.d.).

4.2 Vísir að starfendarannsókn, af hverju?

Líkt og fram hefur komið er kveikjan að starfendarannsókn hjá kennurum oft einhverskonar vandamál eða áskorun sem vilji er til að takast á við eða bæta einhverju við gott starf. Sem kennari með tvítyngda nemendum í miklum meirihluta leitaði ég leiða til að þróa og betrubæta mína kennsluhætti á þann hátt sem ég taldi að myndi gagnast nemendum mínum sem best. Ég vildi jafnframt nýta mína styrkleika sem tónlistarkona til að búa til verkefni með það að markmiði að efla orðaforða og málkunnáttu nemenda minna.

Eftir að hafa rýnt í gögn og kynnt mér námslega stöðu tvítyngdra barna á Íslandi var mér ljóst að skólasamfélagið þarf að finna leiðir til að gera betur fyrir þessi börn. Það er ekki

ásættanlegt að tvítyngdir nemendur hér á landi séu eftirbátar tvítyngdra jafnaldra sinna í nágrannaríkjum.

Á Íslandi er hefðbundnum skóladegi hjá börnum í 1. -4. bekk yfirleitt lokið í síðasta lagi kl. 14:00. Þá er boðið upp á skipulagt frístundastarf í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2021), fram eftir degi og draga má þá ályktun að samskonar þjónusta sé í boði í öðrum sveitarfélögum. Foreldrum er almennt í sjálfsvald sett hvort þau nýta þjónustu frístundaheimila nema í Fellaskóla þar sem verkefnið einn, tveir og Fellaskóli er með samþættu skólastarfi til kl. 15:40. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðra skóla á landinu sem bjóða upp á samþætt skólastarf þetta lengi. Eins og fram hefur komið er mælt til þess að börn með íslensku sem annað mál verji að minnsta kosti 50% af vökutíma sínum í íslensku málumhverfi (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019). Tökum sem dæmi nemanda með íslensku sem annað mál sem vakir frá 07:00-20:00. Barnið er í skólanum frá 08:20–14:00 og ekki skráð í frístundastarf að skóladegi loknum. Nemandinn fer að líkindum heim eftir skóla og engin trygging er fyrir því að hann komist í snertingu við íslenskt tungumál það sem eftir lifir dags fram að háttatíma kl. 20:00, sé miðað við að tungumál heimilisins sé eingöngu fyrsta mál barnsins. Miðað við gefnar forsendur ver barnið tæplega 44% af vökutíma sínum í íslensku málumhverfi en rúmlega 56% af vökutímanum utan þess. Þetta á bara við um hefðbundna skóladaga, þá er eftir að taka til greina helgarfrí og aðra frídaga þar sem gera má ráð fyrir mun minni snertingu við íslenskt tungumál. Sem betur fer eru mörg börn að nýta sér frístundaheimilin en nýtingin fer þó minnkandi eftir því sem börnin eldast og verða meira sjálfbjarga. Ég útbjó stutta könnun og setti inn á hópinn mæðratips á Facebook til að fá hugmynd um hver væri nýting frístundaheimila hér á landi. Alls 849 svör bárust, 443 frá mæðrum barna í 1.- 2. bekk og 406 frá mæðrum barna í 3. - 4. bekk. Þessi óformlega könnun leiddi í ljós að 87,2% barna í 1. -2. bekk eru skráð í frístund eftir skóla og liðlega 25% barna í 3.-4. bekk. Samtals átta börn voru sögð lengur en til 14:00 í hefðbundnu skólastarfi. Niðurstöður gefa til kynna að notkun frístundaheimila minnki umtalsvert þegar börn eru komin í 3. -4. bekk. Til að setja hlutina í samhengi þá eru samkvæmt könnuninni 42,4% barna í 1. -4. bekk á Íslandi ekki skráð í frístund eftir skóla. Þessi könnun gefur ekki óyggjandi upplýsingar um nokkun frístundaheimila hér á landi en gefur ákveðna vísbendingu. Ekki er vitað hversu mörg barnanna á bak við tölurnar eru tvítyngd. En ef niðurstöðurnar væru yfirfærðar á öll tvítyngd börn á Íslandi má gera ráð fyrir að 57,6% tvítyngdra barna í 1. -4. bekk séu skráð í frístundastarf. Þá er ansi stór hluti, 42,4% líklega ekki að ná að verja 50% af vökutíma sínum í íslensku málumhverfi. Þetta eru auðvitað einungis vangaveltur með fyrirvara um tungumálanotkun á heimili, íþrótt- og tólmundastarf, samskipti við íslenskumælandi vini og

Þess háttar. Svo má einnig velta fyrir sér hvort tvítyngd börn séu að nýta frístundaheimilin til jafns við eintyngd börn hér á landi. Það eru ýmsar hliðar á þessu máli og þurfa kennarar og skólasamfélagið í heild að finna leiðir til að mæta þessum börnum sem ekki fá fullnægjandi þjálfun í íslensku einhverra hluta vegna. Það þarf að umvefja þessi börn tungumálinu eftir fremsta megni og hvetja til notkunar þess utan skóla.

4.3 Ég og sköpunarferlið

Sem kennari tvítyngdra barna í fjölmennningarlegum skóla fann ég sterka þörf til að leggja málefnið lið og nýta menntun mína og reynslu í tónlist og söng til góðra verka. Upphaflega var ætlunin að takmarka nálgun mína við sönglög. Ég hafði hug á að semja að minnsta kosti fimm ný sönglög og texta út frá ákveðnum orðum eins og afstöðuhugtökum og vinna þau markvisst með nemendum mínum í þeirri von að auka skilning þeirra og vinna að bættri málkunnáttu. Þegar líða fór á fann ég þörf til að gera meira en vinna eingöngu með eigið efni. Ég hafði farsæla reynslu af því að nota hin ýmsu sönglög samhliða hefðbundinni kennslu sem hefur verið rauði þráðurinn í minni tónlistarnálgun með nemendum mínum. Ég hef nýtt fjölbreytt sönglög í vetur bæði til yndisauka og dýpkunar á einstökum námsþáttum í tengslum við orðaforða. Mig langaði að prófa að fara dýpra í sönglagatexta og reyna að tengja vinnuna við hæfniviðmið sem unnið er með í 1. bekk. Ég ákvað enn fremur að semja tvö ný sönglög til að kenna nemendum með svipaðri aðferð og áður en jafnframt nálgast þau á víðtækari hátt. Sönglögin eru hluti af þessu verkefni og fylgir því hljóðskrá af nemendum syngja lögin.

Með það að markmiði að þróa mínar starfsaðferðir í tengslum við tónlist í skólustarfi til betri vegar setti ég saman nokkur ólík verkefni. Ég vildi hafa þau viðráðanleg miðað við aldur og þroska nemenda en í senn áhugaverð, krefjandi og fjölbreytt. Sum þeirra eru áþekk öðrum verkefnum sem ég hef unnið með nemendahópnum en annað var nýtt fyrir þeim. Fyrsta verkefnið er líklega það stærsta enda nær það yfir allan veturinn. Það felst í því að nota sönglög í kennslu. Ég hef nýtt sönglög í kennslu frá fyrsta skóladegi s.l. haust bæði til skemmtunar og ekki síður til að efla orðaforða nemenda minna. Áhersla á orðskilning og merkingu laga hefur vegið þyngra eftir því sem liðið hefur á veturinn. Ég tek dæmi um tvö lög sem ég notaði í vetur og lýsi því hvernig þau nýttust í tengslum við aðrar námsgreinar. Einnig verða kennd tvö ný sönglög sem ég samdi sérstaklega til að nota í þessu verkefni. Í þeim verður farið í nokkuð djúpa málfræðivinnu þar sem tekin eru út einstök orð og þau greind. Nýju sönglögin voru sérstaklega samin með það í huga að efla orðaforða og auka við flókna málkunnáttu barnanna.

Í næsta verkefni semja nemendur sjálfir lög og texta frá eigin brjósti. Það reynir meðal annars á tónvitund, taktskyn, orðaforða, hugmyndaflæði, sköpunarkraftinn og samvinnu. Það þriðja var búið til í samþættingu við samfélagsfræði þar sem fjallað var um tilfinningar og andstæður. Þar hlusta nemendur á nokkur valin tónverk og skrifa niður og/eða segja frá tilfinningum sínum og þeim hugsunum sem komu fram við hlustunina. Þar reynir meðal annars á orðaforða, tjáningu og að koma hugsunum sínum í orð. Í því fjórða og síðasta reynir svo á marga þætti eins og taktskyn, framsögn og samhæfingu.

Verkefnin hannaði ég sjálf ásamt því að sjá að mestu leyti um alla fyrirlögn. Verkefnin voru ýmist lögð fyrir einn stóran hóp eða tvískiptan hóp sem gaf mér færi á að ígrunda starfsaðferðir mínar, gera breytingar og aðlaga eftir þörfum. Eftir hvert verkefni skrifaði ég dagbókarfærslu. Þetta vinnulag er í samræmi við ferli starfendarannókna sem oft er líkt við spíral þar sem grunnþættir rannsóknarinnar eru skipulag, aðgerðir, ígrundun, endurskoðun sem mynda einskona hringferli (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2010; McNiff, 2010).

Heildarmarkmið verkefnanna er að efla málkunnáttu nemenda og auka snertingu þeirra við íslenskt tungumál. Verkefnin eru flest þannig uppsett að gert er ráð fyrir að nemendur æfi sig heima til að auka notkun tungumálsins utan skóla líka.

Draumaskólinn Fellaskóli hefur nýlega kynnt ný leiðarljós í skólastarfinu og er tónlist og sköpun og mál og læsi þar á meðal. Verkefnin fjögur falla vel að þessum áhersluatriðum þar sem unnið er með alla þessa þætti, beint eða óbeint. Í Fellaskóla er unnið með málörvun af ýmsu tagi og vonandi verða verkefnin hér kærkomin viðbót sem mun nýtast bæði nemendum og skólanum vel. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á áhrifamátt tónlistar í tengslum við nám og hvernig hún örvar hugræna úrvinnslu. Fram kemur hjá Moreno (2009) að tónlist hafi vitsmunalegan ávinning og að sýnt hafi verið fram á að hún hafi bein áhrif á formgerð og virkni heilans, einkum þann hluta er tengist tungumálaúrvinnslu.

Í tæplega þrjú starfsár hef ég starfað sem umsjónarkennari og kórstjóri í Fellaskóla og hef lagt ríka áherslu á tónlist í mínum kennsluháttum. Með umsjónarnemendum hef ég leitast við að innleiða tónlist í hefðbundið skólastarf, þá helst með reglulegum söng í heimakrök og bakgrunnstónlist í kennslustundum. Ég hef lagt áherslu á íslensk sönglög með nokkrum undantekningum og reyni að nýta styrkleika nemenda minna eins og kostur gefst. Í vetur lærðu þeir til dæmis lagið *Vertu til er vorið kallar á þig* á íslensku og rússnesku en lagið er rússneskt að uppruna. Í nemendahópnum er einn rússneskumælandi nemandi sem gat aðstoðað lítilla við textaframburð. Biddulph og Wheeler (2013) fjalla um mikilvægi þess að viðurkenna menningu barna og taka vel í hugmyndir þeirra. Þau geta til dæmis komið með hugmynd að sönglagi sem gæti verið úr tölvuleik eða teiknimynd. Ef börn upplifa að tónlist úr þeirra eigin

menningu skipti máli og sé viðurkennd myndast traust og opið andrúmsloft milli kennara og nemenda.

Ég hef margra ára reynslu í að vinna tónlist með börnum. Ég hef kennt á píanó, unnið á leikskólum og stjórnað barnakórum til margra ára. Ég hef því fengið tækifæri til að þróa mínar aðferðir, til dæmis við kennslu sönglaga sem hafa reynst vel. Yfirleitt byrja ég á textavinnu þar sem farið er nokkuð nákvæmt í merkingu og framburð og síðan er laglínun bætt við litlum pörtum. Vinnan byggir að miklu leyti á endurtekningu. Flestir nemendur mínir í Fellaskóla taka einnig átt í kórstarfi undir minni stjórn og fá þar frekari tónlistarþjálfun. Í kórstarfinu nota ég tónlistarleiki og hrynnæfingar/kroppaklapp í bland við fjölbreytt sönglög.

4.4 Uppbygging og framsetning verkefna

Hér á eftir verður um verkefnin fjögur nokkuð ítarlega. Fyrst er greint frá verkefnalýsingu og markmiðum verkefnis, sagt frá hópaskiptingu, hvernig verkefnið var unnið, hvaða aðferðum var beitt og greint frá öðru sem máli skiptir. Ígrundun fylgir hverju verkefni þar sem finna má samantekt úr dagbókarfærslum sem skrifaðar voru í tengslum við ferlið. Í sumum tilvikum voru gerðar breytingar og farið af stað aftur með nýja nálgun, í anda starfendarannsókna.

Þátttakendur

Þátttakendur í verkefnum eitt til fjögur eru nemendur mínir í 1. bekk í Fellaskóla. Um hentugleikaúrtak var að ræða. Fjöldi nemenda sem tók þátt í verkefnunum var á bilinu átta til 22 í senn. Langflest börnin í hópnum eru tvítyngd (alls 19) og með íslensku sem annað tungumál.

4.5 Verkefni 1

Sönglög kennd til að dýpka einstaka námsþætti. Verkefnið hefur verið viðvarandi allan veturinn í 1. bekk í Fellaskóla. Að auki voru samin tvö ný sönglög og farið í dýpri og markvissari málfræðivinnu en áður. Fundin voru samsett orð, samheiti, andheiti og rím.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er hluti af hæfniviðmiðum fyrir 1. -4. bekk í íslensku annarsvegar að geta þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein og hinsvegar að geta leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Í 1. bekk í Fellaskóla eru

reglulegar samverustundir með nemendum í heimakrók ásamt kennara/kennurum. Þar er sungið saman, farið í orðaleiki, stærðfræðileiki, farið yfir dagatalið og spjallað um lífið og tilveruna. Frá fyrsta skóladegi og fram til vors eru þrjú sönglög eru fastur liður. Það eru *Stafrófslagið* (A, B, C, D...) *Litalagið* (gulur, rauður, grænn og blár) og *Dagar og mánuðir* (sunnudagur, mánudagur...). Þessi lög þekkja nemendur oft úr leikskólunum og henta því vel til að brjóta ísinn fyrstu dagana og vikurnar á nýju skólastigi en eru um leið mikilvæg tenging við námsefnið í 1. bekk. Þeir læra einnig fjölda annarra laga sem gjarnan eru valin í tengslum við námsefni eða þemu annarra námsgreina til að dýpka skilning á ákveðnu viðfangsefni. Þegar ég kenni nýtt lag fer ég nokkuð nákvæmt í orð og merkingu og hvet nemendur til að hugsa um orðin í textanum og spyrja um merkingu þeirra. Ég hef kennt nemendum fjöldann allan af lögum í vetur og nær undantekningarlaust geri ég það með þeirri aðferð sem lýst er hér að ofan. Með því að leggja lítinn texta fyrir í einu, nota hreyfingar ef við á og endurtaka aftur og aftur. Ég reyni yfirleitt að hafa tvö atriði í huga þegar ég vel lög, að þau séu skemmileg og hægt sé að tengja þau við einhverja námsþætti sem verið er að vinna með. Ég hef meðal annars notað lög af geisladisknum *Obbosí* sem er eftir Kristjönu Skúladóttir. Lögin eru samin með yngstu börnin í huga en henta að mínu mati tvítyngdum börnum einstaklega vel og einnig börnum sem eru nýkomin til landsins og á byrjunarreit í íslensku. Þau eru skemmtileg, grípandi og með fjölbreyttum orðaforða. Það er til dæmis eitt lag sem við höfum notað í vetur sem hentar afar vel til að kenna líkamsheiti. Lagið heitir *Líkaminn*. Textinn er mjög einfaldur og lagið grípandi og hægt er nota það til að kenna nemendum alla líkamspartana. Textinn er á þessa leið:

*Um líkamann við syngjum saman, hvar er **nefið** mitt? Hér er **nefið** mitt.*

*Að syngja saman er svo gaman, sjáðu fína **nefið** fína **nefið** mitt.*

Það frábæra við þetta lag er að það má setja hvaða líkamspart sem er inn í staðinn fyrir feitletraða orðið. Við höfðum þann háttinn á að við sungum upphafslínuna saman „um líkamann við syngjum saman“, síðan söng ég „hvar er (líkamspartur) þitt/þinn/þín?“ Þá svöruðu nemendur syngjandi og bentu á staðinn, „hér er (líkamspartur) minn/mín/mitt. Svo sungum við seinni línuna alla saman. Annað lag af sama geisladisk *Mamma mín á mig* kom sér afar vel þegar við vorum að læra um húsdýrin en eitt af hæfniviðmiðunum var að þekkja afkvæmi þeirra. Fjallað er um öll dýrin í viðlaginu nema svínið. Viðlagið:

Hundarnir eiga hvolpa, kisurnar kettlinga, fuglarnir litlu ungana,

Hestarnir eiga folöld, kisurnar kettlinga, kindurnar lömbin en mamma mín, á mig.

Lagið um samsettu orðin

Nemendur hafa verið að læra um samsett orð sem er kveikjan að laginu. *Lagið um samsettu orðin* var sérstaklega hugsað til að auðvelda þeim að skilja betur samsett orð og hvað liggur að baki þeirra. Ég hafði reyndar samið undirspilið nokkru áður án þess að vita nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera við það. Þegar ég skrifaði svo textann undir áhrifum laglínunnar og hrynjandans í undirspilinu kom sönglínan nokkurn veginn að sjálfu sér. Undirspilið er einskonar samtali við sönglínuna og gegnir stóru hlutverki í laginu og gefur því karakter. Ég spilaði undirspilið inn á upptöku heima í stofu til að nota í verkefninu. Reynt var að hafa lagið einfalt og grípandi með endurtekningum, textinn á að vera í forgrunni. Hann var saminn út frá samsettum orðum en sum þeirra höfðu þegar komið fyrir í öðrum verkefnum og voru því nemendum kunnugleg. Ég reyndi að hafa textann auðskiljanlegan og án framandi orða. Markmiðið við textagerðina var að brjóta upp samsettu orðin til útskýringar.

Lagið um samsettu orðin

Brauð í formi bakast, brauðform heitir það.

Barn í skóla, skólabarn með pennaveski og blað.

Kakan er með kremi, kremkakan er brún.

Fótbolti er bolti sem að fætur elta um tún.

*Karl í köldum snjónum, snjókarl það er rétt,
sólarmarmi bræðir hann já það er engin frétt.*

*Tennur þarf að burstu, tannburstanum með,
ef súkkulaði og sætindum í munninn minn ég treð.*

*Fiskurinn í búri, hann vill komast út,
fastur er í fiskabúri og setur á sig stút.*

*Hundurinn er húsdýr, hann vill fá sinn mat,
hámar í sig hundamat og borðar á sig gat.*

Vetrarlök

Lagið *Vetrarlök* samdi ég um árstíðaskipti úr vetri í vor/sumar. Öfugt við *Lagið um samsettu orðin* var laglínan samin fyrst og textinn og undirspilið fylgdu í kjölfarið. Í textanum er fjallað um veðrabreytingar og náttúruna. Lagið gefur fjölbreytt tækifæri til að vinna með orðaforða. Við skoðuðum samsett orð, samheiti, andheiti og rím. Í laginu er nokkuð um orð

sem ekki eru hluti af almennum orðaforða nemenda minna sem bauð upp á vangaveltur um merkingu og tækifæri til að dýpka flókna málkunnáttu.

Vetrarlok

*Sumarsólin heit,
nalgast nú minn reit.
Dagurinn lengist hjá fólki ' í borg og sveit.
Vetrarkyrröðin köld, með sín máttarvöld,
kveður í friðsælum heimi.*

*Blómin lifna úr dvala,
lækir hoppa ' og hjala.*

*Nú, er, nóttin björt og
sólin hverfur í sæ.*

Framkvæmd

Lögin voru unnin í sitt hvoru lagi og verður fjallað um innlögn þeirra í tvennu lagi. Lögin voru bæði kennd í heimakrök og voru allir nemendur saman í innlögnunum. Allir lærðu bæði lögin og voru með í að finna samsettu orðin í fyrra laginu en helmingur hópsins vann málfræðitengd verkefni í tengslum við seinna lagið, *Vetrarlok*. Þeirri vinnu var skipt niður á þrjá daga, sjá dagsetningar.

Lagið um samsettu orðin

Við settumst niður í heimakrök og byrjuðum á því ræða um samsett orð og taka nokkur dæmi til útskýringar og glöggvunar. Lagið skiptist í þrjú erindi og var textinn lagður inn í litlum pörtum. Dæmi: „*Brauð í formi bakast, brauðform heitir það*“. Þessari setningu var skipt í tvennt til að tryggja að allir nemendur væru með á nótunum áður en haldið yrði áfram. Fyrsta setningabrotið var: „*Brauð í formi bakast*“. Hvert setningabrot var endurtekið nokkrum sinnum áður en farið var í næsta hluta setningarinnar. Síðan voru setningabrotin sett saman og endurtekið eins oft og þurfti. Sömu aðferð var beitt í seinni hluta erindisins. Þegar nemendur höfðu náð góðum tókum á textanum var laglínunni bætt við. Þá var ein setning tekin fyrir í einu: „*Brauð í formi bakast, brauðform heitir það*“ og svo koll af kolli. Erindi tvö og þrjú voru unnin á sama hátt. Eftir erindi tvö þá tókum við eitt og tvö saman til að tengja saman og festa í minni áður en erindi þrjú var lagt inn. Síðan voru öll erindi sungin hvert á eftir öðru og við prófuðum að hafa undirspilið með því þótt það hjálpi laglínunni lítið setur það stemninguna og

gefur laginu karakter. Ég skrifaði textann upp á flettistöflu og fór yfir hann í leiðinni með nemendum. Þeir endurtóku jafnóðum það sem skrifað var. Ég hafði undirspilið með þegar við vorum að syngja yfir, það hjálpar laglínunni lítið en setur stemninguna fyrir lagið.

Því má bæta við að þegar hvert erindi hafði tekið fyrir og skrifað á flettistöfluna það ég nemendur að skoða textann vel og sjá hvort þau fyndu samsett orð. Það gekk upp og ofan. Fyrst kölluðu nokkrir þeirra fram svörin sem voru ýmist rétt eða röng svo ég það nemendur að bíða þar til ég segði nafn þeirra til að allir væru virkir. Reyndi ég þá að velja nemendur sem hafa sig lítið í frammi. Sumir nefndu orð sem ekki voru samsett sem var tilefni til greiningar á þeim orðum. Við gátum gengið í skugga um hvort orðið væri samsett eða ekki. Þegar við höfðum farið svona yfir öll erindin, þá var önnur yfirferð sem gekk út á að finna samsettu orðin aftur og brjóta þau niður í nefnifall beggja orða. Hér voru ekki einstakir nemendur beðnir um að svara heldur hópsvar. Það voru nokkuð góðar undirtektir en þeir reyndu fyrst að skipta orðum eins og þau voru t.d. tannburstanum; tann- og burstanum en ég það þau um að finna nafnorðin í nefnifalli (tönn og bursti) og það gerðum við í sameiningu við öll samsettu orðin í textanum.

Vetrarlok

19.apríl – *Lærum lagið*

Lagið var kennt í heimakrók og í byrjun fór ég vel yfir textann með nemendum. Ég fór með eina línu og þeir endurtóku, aftur og aftur þar til allir voru virkir. Þegar textinn var orðinn nokkuð skýr spurði ég þá hvort það voru einhver orð sem þau skildu ekki, tekin var ein lína í einu. Við reyndum þá að finna merkinguna í sameiningu. Í stað þess að gefa þeim svarið beint þá reyni ég að virkja þau til að útskýra fyrir hvert öðru. Þegar búið var að útskýra merkingu orða var haldið áfram og farið í næstu línu. Þegar við höfðum farið yfir fyrstu fimm línurnar í laginu vetrarlok bætti ég laglínunni við. Það var gert á svipaðan hátt, línu fyrir línu með texta. Viðlag og niðurlag bættist svo við eftir á og var tekin fyrir ein lína í einu svipað og áður.

20.apríl – *Finum samsett orð*

Helmingur hópsins vann áfram með lagið í verkefninu *finnum samsett orð*. Verkefnið var unnið í nestistíma. Sá tími er oft góður af því þá eru nemendur gjarnan vel vakandi og ræðnir. Ég var búin að skrifa textann upp á flettistöflu og sagði þeim að við myndum fara yfir textann í laginu og finna samsett orð og síðar samheiti og andheiti. Síðan kom umræða um hvað væru samsett orð, samheiti og andheiti og nokkur dæmi tekin og börnin hvött til að koma með dæmi. Þá næst var upprifjun á texta lagsins, ég las eina línu í einu og nemendur endurtóku. Svo var byrjað frá

byrjun og tvær línur teknar fyrir í einu þar sem leitað var að samsettum orðum. Í fyrstu sex línunum voru samtals fjögur samsett orð, þau voru útskýrð og greind. Síðustu fjórar línur lagsins eru viðlag og niðurlag. Ég bað þá að lesa þær yfir og athuga hvort þar væru samsett orð sem reyndist ekki vera.

21.apríl – *Finum andheiti, finnum samheiti*

Við byrjuðum á því að rifja upp samsettu orðin sem unnin höfðu verið daginn áður. Síðan tók við verkefnið *finnum andheiti* og var byrjað á að taka dæmi um andheiti. Ég valdi orð úr textanum við hæfi til að finna andheiti við og skrifaði orðin sem nemendur fundu með öðrum lit. Verkefnið *finnum samheiti* var unnið eins, fyrst útskýrt með dæmum og síðan valdi ég orð úr textanum sem hægt var að finna samheiti við, og skrifaði við orðið með öðrum lit.

23.apríl – *Finum rím*

Við spjölluðum lítillega um rím og tókum dæmi. Svo valdi ég hentug orð úr laginu til að finna rím við, eitt í einu. Orðin voru; heit, minn, hjá, köld, sín, heimi, dvala og hoppa.

Ígrundun

Þegar ég kenni nýtt sönglag þá reyni ég að vekja áhuga nemenda á laginu með að leggja áherslu á orðin og ýkja textann. Þannig hefur mér fundist ég ná athygli þeirra betur sem skilar sér oft í betri svörun og þátttöku. Það er ótrúlega gaman að upplifa áhugann og gleðina sem skín úr augum barna þegar þau læra nýtt lag. Sönglög eru að mínu mati frábær leið til að lauma að fróðleik og til að ræða um orð og merkingu. Þegar við vorum að læra um líkamsheiti þá var skemmtilegasti hlutinn að mínum mati að syngja lagið *Líkamin* í heimakrök. Nemendur höfðu gaman af hreyfingunum og það var oft hlegið þegar einhver benti á rangan líkamspart, en allt á góðum nótum. Þeir sem voru óöruggir gátu kíkt hvað hinir voru að gera og það var allt í lagi. Þegar í ljós kom að nemendur þurftu frekari þjálfun í samsettum orðum var ekki fyrsta hugsun mín að rjúka til og semja nýtt lag. Ég fór fyrst á stúfana og skoðaði fjöldann allan af lagatextum í leit að hentugu lagi með samsettum orðum til að kenna þeim en sú leit skilaði ekki miklu. Ég mundi þá eftir undirspilinu sem ég hafði samið nokkru áður og prófaði að máta textann sem var að fæðast um samsett orð við lagið. Útkoman var svo *Lagið um samsettu orðin* sem notað var í verkefninu. Flestir nemendur skildu orðin í textanum vel fyrir utan „sólarvarmi“, það þurfti að útskýra hvað orðið varmi þýddi. Ég hef kennt nemendum fjölda laga í vetur en þetta var í fyrsta sinn sem ég kenni þeim mitt eigið lag. Það var öðruvísi og ég fann að ég lagði allt undir í innlögninni. Mér leið eins og ég þyrfti að „selja þeim“ lagið. Ég var óviss um viðbrögðin

og full eftirvæntingar en þó með varann á. Það er öðruvísi þegar maður hefur „prufukeyrt“ lög áður eins og var með flest löginn sem við höfum sungið í vetur. Skilningur jókst við að skoða samsettu orðin og finna nefnifall orðanna. Ég held að lagið sé komið til að vera. Við höfum sungið það nokkrum sinnum aftur við góðar undirtektir nemenda. Við notum hreyfingar eins og textinn gefur tilefni til og er stefnan að bæta við danssporunum.

Það var vel við hæfi að vinna lagið *Vetrarlok* þessa síðustu daga vetrar. Það gekk nokkuð vel að finna samsett orð og virtust nemendur hafa notið góðs af æfingunni í að finna samsett orð úr fyrra laginu. Það gekk nokkuð vel að finna andheiti en þeir þurftu meiri aðstoð við að finna samheiti. Það gekk upp og ofan en engu að síður þá virtust þeir skilja hugtakið ágætlega í umræðunni á undan þegar tekin voru dæmi. Mögulega voru orðin í textanum of erfið. Nemendur voru yfirleitt duglegir að koma með tillögur að rímorðum. Ef röng svör bárust þá fagnaði ég þeim því þá gat ég útskýrt af hverju orðin rímuðu ekki, oftast með dæmi á töflu. Til dæmis þegar ég bað um rímorð við *heit* þá sagði stakk einn nemandinn upp á *þreytt*. Þá spurði ég nemendur fyrst af hverju þessi orð ríma ekki, hvað væri öðruvísi við þau. Eftir smá rökræður skrifaði ég orðið á töflu og þá leið ekki á löngu þar til einn nemandi kom með skýringuna, það voru tvö t í öðru orðinu en ekki hinu. Annar nemandi nefndi *leið* þegar beðið var um rímorð fyrir *heit*, þá skrifaði ég orðið á töflu og útskýrði að orðið endaði á sitthvorum stafnum. Einnig kom tillaga *lönd* við *köld*, þá gat ég sýnt nemendum á töflu að orðið þyrfti að endaða á -ld til að ríma við *köld* en *lönd*, -nd. Einhver hafði nefnt *önd* svo ég gat sagt þeim að *lönd* og *önd* rímuðu, en þessi orð rímuðu ekki við *köld*, orðið sem við vorum að vinna með. Nemendur voru frekar duglegir að svara, ég reyndi að beina spurningum að þeim sem höfðu sig lítið í frammi. Verkefnið tókst vel og var mín upplifun að þeir höfðu gaman að verkefninu. Flestir sýndu því áhuga og héldu athygli allan tímann. Nemendur sem sumir voru óöruggir á samsettum orðum við upphaf verkefnisins virtust vera orðnir öruggari í lokin heilt yfir.

4.6 Verkefni 2

Nemendur semja lag og texta

Það er mikilvægt að ljá börnum rödd, að þau fái tækifæri til að tjá sig, þau upplifi að þau hafi áhrif, geti leyft hugmyndafluginu njóta sín og fái útrás fyrir sköpunargleðina. Þau þurfa að læra að bera virðingu fyrir hvort öðru, hlusta á hvort annað og tileinka sér góð samskipti. Þetta verkefni sameinar meðal annars þessa þætti og samræmist eftirfarandi hæfniviðmiðum í samfélagsfræði í 1. -4. bekk: að geta tekið átt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, að geta

sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og að geta sett sig í spor jafnaldra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Hljóðskrá af lögnum fylgir verkefnum.

Framkvæmd

Nemendum í 1. bekk var skipt í tvo blandaða hópa, tíu -11 nemendur í hvorum hóp. Hvor hópur átti að semja eigið lag og texta, samtals tvö sönglög.

Innlögn (fyrri hópur): Nemendur komu saman í heimakrók og þeim sagt að þeirra biði verkefni, að semja lag og texta. Við ræddum stuttlega hvernig lög væru uppbyggð og að lagið þyrfti að hafa upphaf, miðju og endi. Sem kveikju tók ég fyrir tvö lög sem þeir höfðu nýlega lært (*Senn kemur vor* og *Vikivaki*). Þeir fundu út að það væri rím í báðum lögnum. Til að leggja áherslu á tilgang rímsins söng ég brot úr lögnum tveimur og setti annað orð í staðinn fyrir rímorðið. Þeir voru sammála um að lögin væru um eitthvað og að í þeim fælist frásögn.

Næst voru nemendur beðnir um að loka augunum í smá stund og hugsa um hvað þeir vildu fjalla um í laginu sínu. Síðan fékk hver og einn að segja sína hugmynd, hvort sem um var að ræða orð eða málsgrein, allir þurftu að taka til máls. Hugmyndir þeirra voru skrifaðar á flettistöflu og því næst óskað eftir tillögum að fyrstu málsgreininni, út frá þeim hugmyndum sem komið höfðu fram. Rifjuð voru upp einkenni málsgreina, en þeir hafa fengið þjálfun í því að rita svokallaðar fyrirmyndarmálsgreinar í vetur. Einn nemandi kom með hugmynd sem hljómaði svona: „*Ég sá kisu og hund*“. Þá óskaði ég eftir orðum sem ríma við hund. Nemendur fundu fjögur orð; blund, mund, sund og lund. Ákveðið var að nota orðið „sund“ í lok næstu málsgreinar. Þá þurftu þeir að fylla upp í málsgreinina með því að setja orð fyrir framan orðið „sund“. Þeim reyndist erfitt að átta sig á hversu mörg orð ættu heima í málsgreininni svo ég brá á það ráð að biðja þá að klappa taktinn í fyrstu málsgreininni (4/4). Þá fengu þeir tilfinningu fyrir næstu setningu og ekki leið á löngu þar til annar nemandi kom með hugmynd sem átti upp á pallborðið hjá hinum nemendum; „*Þau fóru í sund*“. Þegar við klöppuðum svo taktinn í þessari málsgrein þá fannst nemendum vanta eitthvað inn í málsgreinina til að takturinn gengi upp. Ég spurði nemendur hvort það væri hægt að setja orð á milli orðanna „fóru“ og „í“, fljótlega var málsgreinin orðin svona: „*Þau fóru saman í sund*“. Á þessum tímamarki kom skemmtileg athugasemd frá einum nemanda sem jafnframt er kisueigandi, hann benti á að köttum fyndist ekki gott að vera í vatni. Góð og gild athugasemd en þá sögðu aðrir að þetta væri bara lag. Þetta var góð áminning um að ýmislegt má í sköpun sem á sér ekki endilega stoð í raunveruleikanum. Það fór ekki á milli mála að þeim fannst þetta ekki auðvelt verkefni. Þeim

fannst erfitt að búa til málsgreinir og nokkur börn tjáðu sig lítið sem ekkert. Til að virkja og hvetja þá áfram spilaði ég ársgamla upptöku af þáverandi nemendum í 1. bekk sem höfðu samið lag og texta og sungið inn á upptöku. Það var ágætis innblástur og gaf nemendum sjálfstraust, þeir fundu að þeir gátu þetta líka.

Nú var komið að því að bæta laglínu við textann, orðið eða öllu heldur tónninn var laus. Fljótlega kom hugmynd að fyrstu hendingunni frá einum nemanda. Hún var ónákvæm og ógreinileg fyrst um sinn og þurfti að endurtaka hana nokkuð oft til að hægt væri að greina tónana. Eftir að nemandinn hafði endurtekið hendinguna nokkrum sinnum bættust fleiri nemendur við og eftir það mótaðist hendingin í fallega laglínu. Hún mótaðist með aðkomu fleiri nemenda sem var skemmtilegt. Allir voru sáttir við útkomuna. Næstu þrjár tónhendingar hljómuðu svo eins. Næsta málsgrein var í svipuðum stíl og komu nokkuð áfallalaust: „Ég sá líka mann“. Þá þurfti að finna orð sem rímuðu við mann. Nemendur nefndu þessi orð: rann, sann, kann, fann. Ákveðið var að nota rann: „Hann var að hlaupa og rann“. Á þessari stundu var komið að frímínútum og þurfti útgöngupassa sem fólst í því að koma með tillögu að næstu efnistöku í laginu, út frá hugmyndavinnunni í byrjun. Þetta var gert til að virkja þá sem höfðu haldið sig til hlés eða lítið lagt til málanna.

Eftir frímínútur hélt lagasmíðin áfram. Nemendur voru sammála um að fjalla um veðrið í næstu málsgrein (þar sem maðurinn hafði runnið) en það gekk erfiðlega að setja hana saman, það varð hálfgerð ritstífla. Eftir dágóða stund ákvað ég að hrista aðeins upp í hópnum og bauð nemendum að standa á fætur og dansa í smá stund. Eftir útrás í dansi var haldið áfram með verkefnið en ákveðið að byrja á laglínunni í þetta sinn og sjá hvort það myndi breyta einhverju. Nú þegar sama stefið hafði verið endurtekið fjórum sinnum stakk ég upp á því að breyting yrði í laglínunni. Nemendur skildu ekki alveg hvað átt var við og á endanum gaf ég þeim upphafstón (innan tóntegunarinnar) sem hjálpaði þeim af stað. Fljótlega komu fram tvær mismunandi hendingar sem féllu vel að laginu, málsgreinarnar komu svo í kjölfarið, með smá leiðsögn. Það reyndist erfitt að finna endapunkt á lagið, fyrst kom laglínan frá einum nemanda og síðan kom annar nemandi með málsgrein sem passaði við laglínuna.

*Úti var kalt og sól
bráðum koma jól
Þá verður kominn snjór.*

Lagið fékk nafnið *Ég sá*. Textinn í heild:

Ég sá

Ég sá kisu og hund

Þau fóru saman í sund.

Ég sá líka mann

Hann var að hlaupa og rann.

Úti var kalt og sól

bráðum koma jóla

Þá verður kominn snjór.

Innlögn (seinni hópur): Nemendur komu saman í heimakrók og sagð að þeir væru að fara að vinna verkefni, þeir ættu að semja lag og texta. Nú var kveikjan upprifjun á lögunum sem við höfðum lært í vetur og þeir beðnir um að rifja þau upp. Við ræddum af hverju sum lög væru skemmtileg og önnur ekki eins skemmtileg, þá benti einn nemandi réttilega á að það væri misjafnt hvað okkur fyndist skemmtilegt. Ég spurði hvað það væri sem gerði lög skemmtileg og fór síðan með fyrstu línurnar í laginu *Senn kemur vor* „*Senn kemur vor, sólin vermir spor*“, og spurði hvort einhver orð væru lík í þessum málsgreinum. Einn nemandi nefndi vor og spor og annar sagði að það væri rím. Sama var gert með lagið *Vikivaka*. Höfundur prófaði að setja önnur orð í staðinn fyrir rímorðin og voru nemendur sammála um að þeim fyndist betra þegar lög ríma. Við ræddum næst um málsgreinar, hvernig þær væru uppbyggðar, ég sýndi nemendum dæmi um málsgrein, en þeir höfðu líkt og hinn hópurinn skrifað fyrirmyndarmálsgreinar í vetur. Ég sagði þeim að í laginu þyrftu að vera „fyrirmyndarmálsgreinar“ sem þau byggju til og svo þyrfti að búa til laglínu við þær, lagið þyrfti að hafa upphaf og endi. Næst lokuðu þeir augunum til að hugsa um hvað lagið átti að vera. Hugmyndir skrifaðar á flettistöflu, nemendur voru áhugasamir og flestir viljugir að taka þátt og komu með fjölbreyttar og skemmtilegar hugmyndir.

Fyrsta málsgrein var sett fram, það tók smá tíma að fá einhvern til að spreyta sig en fyrsta tillaga var á þessa leið: „*Sara les um mús og hænu*“. Þess ber að geta að „Sara“ átti fyrst að vera „stelpa“ en þegar ég spurði nemandann hvort við gætum fundið nafn á stelpuna, þá kom upp nafnið Sara. Leitað var að rímorðum við „hænu“ sem gekk brösulega, á endanum var ákveðið að „mús“ og „hæna“ myndu skipta um stað í setningunni, því auðveldara þótti að finna rím við mús. Leitað var að rímorðum við mús og það gekk betur: hús, lús, krús, djús. Fljótlega kom hugmynd að næstu málsgrein: „*Friðjón leikur úti*“. Friðjón átti fyrst að vera „strákurinn“, en beðið var um nafn. Þess ber að geta að Sara og Friðjón eru nöfn á starfsmönnum á

frístundaheimili Fellaskóla. Næsta málsgrein var: „*Jólasveinninn drekkur djús*“. Á þessum tímapunkti virtist vera komin smá ritstífla í hópinn og var þá skipt yfir í laglínuna. Hún var mótuð með öðrum hætti en áður, nemendur voru beðnir um að syngja fyrstu málsgreinina; „*Sara les um hænu og mús*“, einn í einu, hver með sínu nefi. Það var mjög skemmtileg nálgun því allir fengu tækifæri til að skapa. Hver bútur var tekinn upp og þeir völdu svo eina laglínu sem var notuð í fyrstu málsgreinina. Þarna var búið að virkja sköpunarkraftinn og næstu tvær hendingar urðu til á svipaðan hátt.

Næstu fimm málsgreinar voru svo búnar til samhliða laglínunni. Það gekk misvel, sumir sögðu „ég get ekki“. Til að hvetja þá áfram bjó ég sjálf til málsgreinar (út í bláinn), bara til að sýna þeim að það mætti í raun nota hvaða orð sem er. Það þyrfti bara búa til setningu sem passaði inn í laglínuna út frá hrynjanda. Það hjálpaði nokkuð. Þolinmæðin var þó orðin lítil í lokin og heldur erfitt að koma laginu „heim“. Laglínan hafði tilhneigingu til að leita upp en að lokum kom þetta heim og saman. Næstu málsgreinar voru:

*Sólin skín á mig
Strákurinn fer upp í tré
Hann á mörg dýr
Bráðum kemur sumarfrí.*

Lagið fékk nafnið *Sara og Friðjón*. Textinn í heild:

Sara og Friðjón

*Sara les um hænu og mús
Friðjón leikur úti
Jólasveinninn drekkur djús
sólin skín á mig
Strákurinn fer upp í tré
Hann á mörg dýr
Bráðum kemur sumarfrí.*

Ígrundun

Verkefnið gekk vel. Nemendur í báðum hópum náðu settu markmiði sem var að semja lag og texta. Nemendur höfðu almennt gaman að verkefninu og voru flestir virkir í öllu ferlinu, með örfáum undantekningum. Mér fannst áhugaverðast þegar verið var að finna fyrstu hendingu í laglínunni hjá seinni hópnum að fylgjast með nemendum þegar þau sungu sína útgáfu af fyrstu

málgreininni. Það gerðist eitthvað í andlitinu þeirra, þeir lifnuðu við. Þeir áttu sitt augnablik og enginn skoraðist undan. Það varð til skemmtileg samvinna þegar nemendur skiptust á hugmyndum og allir lögðust á eitt við að finna bestu útkomuna, það myndaðist einstök samstaða í hópunum báðum, lagið var sameiginleg afurð hópsins. Ferlið í heild tók lengri tíma en ég hafði búist við, en þess ber að geta að þeir voru að vinna verkefni af þessu tagi í fyrsta skipti.

Mesta áskorunin fyrir nemendur var fólgin í hugmyndavinnunni og textagerðinni. Mér fannst erfitt að fá þau til að búa til setningar úr orðunum sem þau höfðu sjálf stungið upp á, það kom mér hálfpartinn á óvart. Hugsanlega var ég að ætla þeim of mikið. Ég fann að ég þurfti að finna leiðir til að einfalda fyrsta hluta verkefnisins, gefa þeim kveikju eða þrengja viðfangsefnið. Ein leiðin gæti verið að óska eftir orðum sem tengjast einhverju ákveðnu viðfangsefni eins og til dæmis mat, náttúru, veðri, dýrum, möguleikarnir eru margir. Ég ákvað að fara aðra leið sem verður lýst hér að neðan.

Verkefni 2 – aðlögun, breytt nálgun.

Í verkefninu eiga nemendur að semja lag og texta. Verkefnið var hópavinna með sameiginlegri innlögn. Í innlögninni sýndi ég tvær myndaraðir með sex myndum í hvorri myndaröð. Við tókum eina myndaröð fyrir í einu og fórum saman yfir allar myndirnar. Ég valdi síðan einn nemanda af handahófi til að segja frá því sem væri að gerast á hverri mynd og spurði spurninga ef tilefni gafst. Þegar við höfðum farið yfir allar myndirnar saman var farið yfir verkefnalýsingu. Ég sagði nemendum að þeim yrði skipt í þriggja til fjögurra manna hópa og að þeir ættu að velja ritara. Þeir myndu fá verkefnablað með tveimur myndum og ættu að búa til tvær fyrirmyndarmálgreinar, eina fyrir hverja mynd og skrifa þær á línur fyrir neðan myndirnar. Fyrst þyrfti að skoða myndirnar, eina í einu, ræða saman og komast að niðurstöðu og einn nemandi myndi svo skrifa málgreinina. Þegar nemendur höfðu fundið sinn hóp fengu þeir verkefnablað með tveimur myndum á, í réttri tímaröð. Síðan hófst samvinnan. Ég gekk á milli hópa til að athuga hvort allir væru virkir og hvernig vinnan gengi. Nemendur fengu lítilsháttar aðstoð við að móta setningar ef þess þurfti. Að lokum settumst við í heimakrók og ég skrifaði allar setningarnar upp á flettistöflu. Sumar þurfti aðeins að aðlaga og var það gert í samráði við hópinn. Þá var komið að því að setja laglínuna við lagið. Vegna tímaskorts hafði ég þann háttinn á að hver nemandi kom til mín, einn í einu og söng fyrir mig eina málgrein.

Ígrundun á aðlögun

Eins og áður kom fram var hugmyndavinnan og textasmíðin helsta áskorunin fyrir nemendur í verkefni tvö. Þessi aðlögun, að gefa þeim myndasögu til að vinna út frá breytti öllu að mínu mati. Innlögnin hjá mér var mun skýrari, mér fannst gott að hafa eitthvað í höndunum til að útskýra verkefnið og þeir skildu betur markmið verkefnisins. Myndasögurnar voru hjálplegar kveikjur sem héldu þeim betur við efnið og auðveldaði þeim að koma orðum sínum heildstæða setningu. Einnig tel ég það hafa gagnast vel að þeir unnu saman í smærri hópum en áður. Varðandi lagasmíðina þá hefði verið hægt að láta hvern hóp semja sitt lag, en vegna tímaskorts þá lét ég duga að biðja nemendur um að syngja málgreinina. Markmiðið með þessari aðlögun var aðallega að finna betri leið til að semja textann og það tókst.

4.7 Verkefni 3

Hlustun – upplifun – skráning

Eitt af hæfniviðmiðum í samfélagsfræði fyrir 1. -4. bekk samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er að geta áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Eins og fram hefur komið þá hefur tónlist mismunandi áhrif á hvern og einn. Hún laðar fram, leiðir hugann að og gefur í skyn ólík tilfinningamynstur. Umfram allt getur tónlist opnað hugann hjá barni á undraverðan hátt, verið valdeflandi og einstakt tækifæri til að virkja sköpunarkraftinn (Gill, 2011).

Eitt af viðfangsefnunum í samfélagsfræði hjá okkur í vetur voru tilfinningar og andstæður. Unnið var með hugtökin á fjölbreyttan hátt eins og til dæmis í hringekju, Orðagulli, með umræðum í heimakrók, verkefnablöðum o.fl. Markmiðið með þriðja verkefninu var að tengja tilfinningar og andstæður við tónlistarupplifun. Vonir stóðu til að tónlistin myndi draga fram hugsanir og tilfinningar sem nemendur áttu að yrða og skrifa niður á blað. Efling orðaforða var undirmarkmið verkefnisins. Það var unnið í tveimur hópum sem fengu samskonar innlögn í heimakrók.

Framkvæmd

Nemendur unnu verkefnið í tveimur hópum, stelpur í einum hóp og strákar í öðrum. Kynjaskiptingin var hentugleikaúrræði. Áður en verkefnið hófst fóru nemendur í heimakrók þar sem rifjuð upp voru orð sem tengjast tilfinningum, bæði jákvæðum og neikvæðum. Rætt

var um hvernig tónlist væri ólík og hefði mismunandi áhrif á mann. Stundum léti hún manni líða vel og stundum ekki. Sungið var lagið *Senn kemur vor*:

*Senn kemur vor
sólin vermir spor.
Rísa af rökkurblund
runnar og blóm.
Fjallalind fríð
laus við frost og vetrar hríð,
létt og blítt
í lautum hjalar, í lautum hjalar,
í lautum hjalar hún við lágan stein.*

*Fuglinn minn flaug,
frjáls um loftið smaug.
Leitaði strandar í lifandi þrá
norður til mín
þar sem nætursólin skín,
kvað hann þá
svo kátum rómi, svo kátum rómi,
svo kátum rómi hátt um kvöldin löng.*

Nemendur þekktu lagið ágætlega og höfðu unnið með texta lagsins fyrr í vetur. Þá höfðu orð og hugtök verið útskýrð nokkuð ítarlega. Við ræddum um hvort lagið hljómaði sorglega eða glaðlega og flestum fannst það frekar sorglegt. Við ræddum þá muninn á dúr og moll og hina hefðbundnu og viðteknu skoðun að lög í dúr hljómi glaðlega og lög í moll sorglega, sem aðrir segja hugsanavillu (Gregory, Worrall og Sarge, 1996).

Eftir að hafa farið vel yfir textann var lagið sungið og börnin beðin um að hugsa um innihald textans í leiðinni. Þá komumst við að þeirri niðurstöðu að lagið er alls ekki sorglegt heldur vekur það frekar upp jákvæðar tilfinningar. Lagið ber vott um betri tíma, að náttúran sé að vakna úr vetrardvala og er því lýst á myndrænan hátt í laginu. Í seinna erindinu er talað um fugl sem er frjáls og syngur kátum rómi. Það er ennfremur mikla gleði að finna í laginu, nemendur voru sammála um það. Þegar ég spurði þá hvað þeim fyndist um þetta lag sögðu þau flott, gaman og skemmtilegt. Svo ræddum við um boðskapinn í laginu og þá nefndu þau frelsi, tilhlökkun og bjart. Niðurstaðan var að lög geta hljómað sorglega en fjallað um eitthvað jákvætt og kallað fram góðar tilfinningar. Tónarnir í laginu gefa ekki endilega til kynna hvaða tilfinningum er verið að lýsa. Við leituðum að fleiri orðum sem lýsa tilfinningum og þau voru skrifuð á flettistöflu, einnig var farið yfir andstæður orðanna. Þetta var kveikjan að verkefninu.

Tónverkin sem voru spiluð í verkefninu (hjá báðum hópum):

Beethoven: sinfónía nr. 7 kafli 2.

Albinoni: Adagio for strings

Shostakovich: The Second Waltz op. 99a

Strákar

Nemendur sátu við borð í skólastofunni. Þeim var sagt að þeir myndu hlusta á brot úr nokkrum tónverkum. Þeir ættu að hlusta vel á tónlistina og skoða hvaða hugsanir kæmu upp í hugann og skrifa það jafnóðum niður á blað, í orðum eða málsgreinum. Þegar þriðja tónverkið var spilað voru nemendur beðnir um að loka augunum og taka eftir þeim myndum sem komu upp í hugann og geyma þær í hugarum. Þetta breytti miklu því þá náðu nemendur að útiloka hið sjónræna í umhverfinu og leita inn á við. Í stað orða komu upp heilu sviðsmyndirnar hjá sumum þeirra. Þegar tónlistin var stöðvuð fengu þeir tíma til að skrifa orðin niður og loks fengu allir að segja frá sinni upplifun. Þeir höfðu gaman að því að segja frá en það var talsverður munur á því hvað þeir höfðu frá miklu að segja. Sumir sögðu örfá orð, aðrir töluðu lengur.

Lýsingarorð sem komu fram:

Fallegt, flott, bjart, gott, skemmtilegt, mjúkt, blítt, hratt, glaðlegt, reiður, hræðilegt, rólegt, best, spennandi, leiður, glaður, krípi.

Önnur orð eða orðasamsetningar:

Hlaupa, strákur, gult hús, blár, flugvél, kisa, among us, kisa, skinka, apótek, allir litir,

Stelpur

Stelpurnar fengu sömu fyrirmæli og strákararnir, en í þetta sinn sagði ég þeim strax í byrjun að það mætti loka augunum. Það var einhver munur á hópunum tveimur. Stelpurnar voru örlítið lengur að komast í gang og voru dágóða stund að finna réttu orðin en það kann að hafa verið dagsformið. Sett var aukalag á fóninn (*Chopin, píanókonsert nr. 2, 1.kafli*). Þá lifnaði aðeins yfir þeim og fullt af skemmtilegum orðum voru nefnd.

Lýsingarorð sem komu fram:

Dimmt, hratt, fallegt, flott, sorglegt, hrædd, hissa, spennandi, hart, reiður, fjörugt, blítt, mjúkt, skemmtilegt, skritin, mjög flott, leiður, hægt, bjart, rólegt, bleikt.

Önnur orð og orðasamsetningar:

Blóm, sól, máni, hjarta, glas, ballet, dansa, hljómsveit, steinn, píanó, hoppa, refur, kaka, sjór, leður, eldgos, ballerína, skóli, sýning, borða köku, sofa, gráta, jörðin, hoppa og dansa, klukka, hús, dýr, dimmar nótur, lækur, flugvöllur, nótur, hræðilegt,

Ígrundun

Verkefnið var skemmtilegt og tókst með ágætum. Það mætti prófa að afmarka hugsunina betur án þess þó að deyfa hugmyndaflugið. Hægt væri að biðja nemendur að hafa eitthvað ákveðið í huga þegar hlustað væri á verkin, t.d. náttúruna (sjóinn, himininn, frumskóg). Einnig væri hægt að auka upplifunina með því að sýna myndir á skjá samhliða tónverkinu. Það væri vissulega ákveðin stýring en hugsanlega er frjálst flæði hugsana og krafa um að koma þeim í orð of mikils til ætlast af svona ungum börnum. Einhverskonar útgangspunktur gæti verið öflugur innblástur sem gefur nemendum verkfæri til að opna fyrir gáttir í það minnsta til að byrja með. Ég ímynda mér líka að það gæti boðið upp á auðugri umræður meðan barnanna, ef allir eru á svipaðri bylgjulengd. Verkefnið býður upp á allskonar útfærslur og áhugaverðar umræður. Það mætti vinna áfram með þau orð sem nemendur skrifuðu á blað.

Upphaflega var ætlunin að hafa verkefnið stærra og hafa aðra hlustun síðar með annarskonar tónlist. Síðan ætlaði ég að bera saman orðin og fela nemendum að skrifa sögu út frá orðunum sínum. Það mætti búa til málsgreinar, finna samheiti, andheiti, rím, skrifa sögur og svo mæti lengi telja. Mér finnst þó líklegra að ég fari aðra leið næst. Ég gæti til dæmis hugsað mér að setja þeim fyrir ritunarverkefni undir áhrifum tónlistar með því að spila ákveðna tónlist í bakgrunni. Það hefði mögulega einhver óbein áhrif á skrifin, í stað þess að einblína of mikið á tilfinningar í tónlistinni. Svo væri ekki úr vegi að hafa tónlist með söng, helst á íslensku og velja lög sem þau tengja betur við. Ég held að það væri skemmtilegri nálgun fyrir þennan aldurshóp.

4.8 Verkefni 4

„Cup song“ eða bollalagið með nýjum texta

Verkefnið var upphaflega búið til fyrir Fellafjör, sem er árlegur uppbrotsdagur í Fellaskóla. Áætlað var að leggja verkefnið fyrir alla nemendur skólans í 13 manna hópum en Fellafjör átti að vera 26. mars þegar skólum hafði verið lokað án fyrirvara, svo ekkert varð úr því. Í staðinn var verkefnið lagt fyrir nemendur í 1. bekk. Nemendur unnu verkefnið í tvennu lagi, stelpur og strákar í sitthvoru lagi (v/hentugleika út frá stundatöflu).

Markmiðið með því var að læra lag og texta ásamt taktsyrpu með glasi (eða bolla). Síðan yrði þessu skellt saman í eina heild sem reynir á fjölmarga þætti; tungumálið, framburð, taktskyn, hrynjanda og síðast en ekki síst, samhæfingu allra þessara þátta. Lagið sjálft „*Cup song*“ er frá því í kringum 1930 en náði vinsældum á heimsvísu árið 2012 í flutningi leikkonunnar Anna Kendrick í kvikmyndinni Pitch Perfect. Þar sem lagið var á ensku og áhersla á íslenskt tungumál í Fellaskóla samdi ég nýjan íslenskan texta við lagið. Textinn var upphaflega saminn fyrir Fellafjör eins og glögglega kemur fram. Reynt var að hafa textann fremur einfaldan og fljótlærðan svo hann myndi ekki þvælast fyrir þegar hreyfingum yrði bætt við. Þegar verkefnið var lagt fyrir í heild sinni (lag, texti, hreyfingar) könnuðust nemendur við lagið, það hafði verið tekið fyrir lauslega í heimakrók nokkrum vikum áður. Hljóðskrá fylgir verkefninu.

Fellafjör (Cup song/ bollalagið)

*Við erum krakkarnir í Fellaskóla
Þar sem að draumar geta ræst.
Ef þú trúir þá geturðu allt,
Láttu' ekki svona, það er svalt,
og nú í dag er Fellafjör.
Fellafjör...
Fellafjör...
Og nú í dag er Fellafjör.
Ef þú trúir því þá geturðu allt,
Láttu' ekki svona það er svalt,
og nú í dag er Fellafjör.*

Framkvæmd

Strákar

Nemendur settust við borð með hljómdempandi mottu. Byrjað var á að rifja upp lagið og það endurtekið þar til meirihluti hópsins var orðinn nokkuð öruggur í lagi og texta. Þetta tók allnokkur skipti, þrjár til fjórir drengir voru helst til óvirkir sem kom í ljós þegar hópnum var skipt í tvennt og fjórir sungu saman í einu. Þegar meirihluti drengjanna var orðinn öruggur á laginu var hafist handa við að læra taktsyrpuna. Ég lagði eitt glas á hornið á öllum borðum og bað nemendur að hafa hendur hjá sér um sinn. Ég sýndi þeim hvað við ætluðum að læra í verkefninu og sagði markmiðið að syngja lagið og gera hreyfingar um leið. Við myndum læra

Þetta hægt og rólega, skref fyrir skref. Taktsyrpan var brotin upp í smærri einingar og kennd í heild sinni áður en til samhæfingar kom. Þegar þeir voru orðnir nokkuð öruggir á handahreyfingunum var hafist handa við samhæfinguna. Það var gert í stuttum skrefum og tókst ágætlega til. Verkefnið var unnið í samtals 55 mínútur.

Stelpur

Við settumst fyrst í heimakrök og fórum yfir lagið. Það var strax ljóst að stelpurnar kunnu lagið betur en strákararnir. Þær voru vissulega mun fleiri en það þurfti líklega helmingi færri endurtekingar þar til vel flestar kunnu lag og texta nokkuð vel. Þá var þeim boðið til sætis þar sem beið motta og glas. Ég byrjaði á að sýna þeim hvert markmiðið var, að læra taktsyrpuna og æfa söng og hreyfingu (taktsyrpa) saman. Í þetta sinn ákvað ég að brjóta taktinn (4/4) upp í enn smærri einingar, að jafnaði var aðeins hálfur taktur (tvö slög) tekinn fyrir í einu og textanum bætt við áður en lengra var haldið. Hvort tveggja var endurtekið eins oft og þurfti, síðan var seinni hluti taktsins tekinn fyrir, endurtekið, texta bætt við og endurtekið og að lokum þessir takthlutar tengdir saman í eina heild. Svona gekk þetta út allan textann þ.e. nýr hálfur taktur (að jafnaði) kynntur í senn og tengdur saman við taktinn á undan, reglulega var svo byrjað aftur frá byrjun til að tengja allt saman. Þetta krafðist mikill þolinmæði, einbeitingar og elju. Stelpurnar voru jafnari í getu og ívið fljótari að ná samhæfingunni. En það gæti verið að skipulagðari vinnubrögð hafi hjálpað til. Þess má geta að verkefnið var unnið á tæplega tveimur kennslustundum (2x40 mín) með tveimur vatnspásum og einni teygjupásu. Um það bil helmingur nemenda (blandaður hópur) hélt svo áfram að æfa lagið í nokkur skipti þar sem smátt og smátt var aukið við hraða eftir því hvernig þeim gekk að ná þessu heim og saman. Við færðum okkur hins vegar niður á gólf og mynduðum hring. Ætlunin var að æfa hinn hópinn líka á öðrum tíma.

Ígrundun

Verkefnið var mjög skemmtilegt og nemendur upp til hópa mjög áhugasamir. Það stendur upp úr að allir nemendur voru virkir, jafnvel þótt sumir þurfi mun lengri tíma til að ná fullum tökum á lagi og hreyfingum. Það var gaman að heyra þá segja að þau ætluðu að sýna og jafnvel kenna foreldrum sínum og fleira fjölskyldufólki handtökin. Verkefnið reyndi á margra þætti og skiljanlegt að það hafi tekið á, enda nemendur aðeins sex til sjö ára að aldri. Það sem var einna áhugaverðast hjá strákunum var að tveir þeirra, sem voru fljótastir að ná hreyfingunum, voru hæstir á lesfímiprófi í janúar.

Nokkur munur var á hópunum sem kann að skýrast af nokkrum þáttum. Í seinni yfirferð (með stelpum) tel ég skipulagðari vinnubrögð af minni hálfu hafa verið þeim til hagsbóta og reglulegar pásur hafi hjálpað mikið til. Þegar ég fann fyrir þreytu hjá þeim sló ég á léttu strengi og reyndi að vera fyndin, það létti andann. Strákarnir voru ekki eins öruggir á laginu í byrjun og voru ójafnari í getu. Hjá báðum hópum reyndi ég að hafa allar hreyfingar frekar ýktar til að auðvelda nemendum að ná þeim. Upphaflega var ætlunin að nota verkefnið sem „stöð“ í uppbrotsdegi Fellaskóla. Eftir á að hyggja tel ég lán að aðstæður breyttust því tíminn sem var úthlutaður hverri stöð (ca. 10 mínútur) hefði líklega ekki dugað til að kenna bæði lag, handahreyfingar og æfa samhæfingu. Hins vegar mætti nota verkefnið í Fellafjöri að ári og kenna nemendum skólans lagið áður, til dæmis í samverustundum á sal. Nemendur lærðu einfalda útgáfu af hreyfingum og unnu bara með sitt eigið glas. Það væri gaman að taka verkefnið lengra og láta glösin fara hringinn þannig að nemendur rétti manneskjunni á vinstri hlið glasið sitt og taki við glasi frá hægri. Einnig er hægt að leika sér með taktinn. Í æfingunum sem fylgdu í kjölfarið höfðum við fært verkefnið niður á gólf og myndað hring, mun afslappaðra heldur en að sitja við borð og býður upp á fleiri möguleika eins og að láta glösin ganga hringinn.

Glasið gengur hringinn

Verkefnið var viðbót við verkefni fjögur og tóku um tíu nemendur þátt. Markmiðið var að rétta næsta manni glasið sitt í lok sönglagsins. Fyrst æfðum við okkur í að rétta öll glasið í sömu átt. Það gerðum við með því að klappa tvisvar, taka glasið upp á þriðja slaginu og rétta áfram á fjórða slaginu, svo endurtekið. Þegar allir voru búnir að ná tókum á því að rétta glasið var upprunalega útgáfan tekin með þessu breytta endi að rétta glasið áfram.

Ígrundun

Nemendur sem tóku þátt í þessu verkefni höfðu náð ólíkri færni í upprunalega verkefninu. Það kom ekki að sök enda var markmiðið með því að rétta glasið áfram, í rétta átt og á réttu slagi. Ég hefði viljað gefa mér aðeins meiri tíma í þetta og stefni á að æfa þetta aftur og hafa hinn hluta bekkjarins með. Það væri skemmtilegast að gera þetta öll saman.

5. Niðurstöður og umræður

Í þessari ritgerð var fjallað á fræðilegan hátt um hvernig tónlist og söngur getur komið að gagni við að efla málkunnáttu tvítyngdra barna. Prófaðar voru leiðir til að nota tónlist í kennslu og reynt að betrubæta kennsluhætti og starfsaðferðir með aðferðum starfsendarannsókna. Það var gert með hliðsjón af þörfum nemenda minna þar sem tvítyngd börn eru í miklum meirihluta. Ég vildi finna leiðir til að nýta tónlist og söng við að efla málkunnáttu þeirra og leitaði að fræðilegum stuðningi sem sýndi fram á mátt tónlistarinnar og hvernig hún hefur jákvæð tengsl við marga námslega þætti ekki síst er snúa að tungumálaúrvinnslu (Winters og Griffin, 2014).

Sjónum var einkum beint að því að efla orðaforða, málskilning, flókna málkunnáttu, sköpunargáfu og samvinnu. Undirbúningur og jafnframt mikilvægur þáttur í rannsókninni var að verkefnið auki snertingu barnanna við íslensku, sem er jafnframt mikilvæg forsenda þess að þau nái góðum tókum á tungumálinu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2019). Vonir stóðu til að notkun tungumálsins myndi ekki aðeins aukast á skólatíma heldur myndu nemendur taka sum verkefnið með sér heim, hugsa um þau og æfa þau í frítíma sínum. Í einu verkefninu voru nemendur sérstaklega beðnir um að æfa sig heima.

Tvær rannsóknarspurningar voru hafðar til hliðsjónar. Annarsvegar hvort tónlist og söngur í almennu skólastarfi væri árangursrík aðferð til að efla málkunnáttu barna með íslensku sem annað mál og hins vegar hvort sönglög og önnur tónlistartengd verkefni gætu hvatt til frekari notkunar tungumálsins, innan og utan skólatíma og hvort hægt væri að auka snertingu við tungumálið með því að nota áhugaverð og skemmtileg sönglög í kennslu. Þessum spurningum verður ekki fullsvarað í þessu litla verkefni heldur aðeins út frá minni eigin upplifun og sannfæringu. Í tengslum við verkefnið hefur trú mín á mátt tónlistarinnar aukist ef eitthvað er. Verkefnið var mjög lærdómsríkt fyrir mig sem kennara. Ég er nú enn sannfærðari um að söngur eigi heima í öllum skólastofum, sérstaklega þar sem tvítyngd börn eru við nám og þurfa alla þá aðstoð sem í boði er til að efla orðaforða og auka málskilning. Nemendur mínir sögðu mér frá því að þau hafi verið að syngja lögin sem þau lærðu í skólanum heima. Ég veit að flestir nemendur æfðu bollalagið heima og einhverjir reyndu að kenna foreldrum sínum handtökin. Nokkrir nemendur töluðu um að hafa æft sig saman heima. Þau syngja nýju sönglög sem þau voru að læra í tíma og ótíma í skólanum, til dæmis á milli námsgreina eða á leiðinni í frímínútur. Þess ber að geta að fá börn að koma með tillögum af sönglögum getur það aukið áhugann enn meira og hvatt þau áfram eins og fram kemur hjá Biddulph og Wheeler (2017).

5.1 Verkefni 1 – Læra sönglög og vinna með þau

Það hefur reynst mjög vel að nota sönglög vetur. Nemendur eru heilt yfir mjög áhugasamir og fróðleiksfúsir þegar ég kenni þeim ný lög. Lagið um daga og mánuði hefur til dæmis nýst mörgum vel við að læra dagana og röð þeirra. Þegar við kennararnir höfum spurt spurninga eins og: „ef það er mánudagur í dag, hvaða dagur var þá í gær?“ hafa þau getað leitað í lagið, sungið það í huganum og sótt upplýsingarnar sem beðið var um. Við notuðum einnig talnaþulu fyrr í vetur þegar við unnum með tölurnar 1-20. Við höfum stundum sent lagatexta heim með föstudagspóstinum til að hvetja nemendur til að læra lög heima. Þetta er í samræmi við niðurstöður Wallace (1994) um að tónlist hjálpi til við að festa upplýsingar í minni (eins og vísað er til í Stokes, 2008). Þeir segja mér stundum að þeir hafi verið að syngja lög heima. Þá er alla vega einn sigur unnin að mínu mati, þeir eru að nota íslenskt tungumál utan skóla sem eykur snertinguna við það.

Helsta markmiðið með nýju lögunum var að efla orðaforða, málskilning og flókna málkunnáttu og að mínu mati þá nýttust þau ágætlega til þess. Textinn í fyrra laginu, *Lagið um samsettu orðin*, var saminn með það í huga að hafa einfaldan orðaforða innan um samsettu orðin þar sem athyglin átti að beinast að þeim. Það virtist hafa heppnast ágætlega því aðeins eitt orð vafðist fyrir nemendum, orðið sólarvarmi. Það þurfti að útskýra fyrir þeim hvað orðið varmi þýddi. Þeir þekktu við önnur orð enda voru þau að mestu leyti tekin úr orðaforða sem við höfum unnið með í vetur eins og skólaorð, hreinlæti, húsdýr, veðurfar og líkamshlutar. Það var skemmtilegt að vinna lagið með þeim og sjá hvernig skilningurinn á samsettum orðum jókst eftir að við höfðum farið markvisst í gegnum erindin þrjú. Nemendur sem höfðu haldið sig til hlés í byrjun voru farnir að taka til máls þegar búið var að fara yfir megnið af textanum. Seinna í verkefninu þegar við fundum nefniföll samsettu orðanna voru margir tilbúnir að svara, það var ánægjulegt. Þetta var skemmtileg vinna, mér fannst nemendur áhugasamir og taka laginu vel. Við höfum sungið það reglulega síðan við góðar undirtektir. Í laginu *Vetrarlok* var aðaláherslan á að efla orðaforða og málskilning. Þegar ég hafði farið yfir lagið með nemendum og útskýrt merkingu orða bætti ég við málfræðivinnu í því skyni að auka flókna málkunnáttu. Við unnum með samsett orð, andheiti, samheiti og rím. Þeir voru frekar fljótir að koma auga á samsettu orðin í textanum og áttu nokkuð auðvelt með að finna andheiti við orð sem ég nefndi úr laginu. Erfiðara gekk að finna samheiti enda hefur það líklega verið of erfitt fyrir þau. Nemendur virtust samt skilja hugmyndina á bak við samheiti þegar við ræddum um samheiti í byrjun verkefnisins en þá tók ég einfaldari orð fyrir sem dæmi. Orðin í *Vetrarlok* voru sennilega of flókin fyrir svona ung börn til að finna samheiti við. Sérstaklega þar sem þau eru ennþá að

læra grunnhugtök yfir marga hluti. Það gekk hins vegar mjög vel að finna rím. Þetta var skemmilegt vinna og nemendur voru áhugasamir og tóku virkan þátt.

5.2 Verkefni 2 – *Lagasmíð*

Helsta markmiðið með verkefninu var að virkja sköpunarkraftinn og efla samvinnu nemenda. Gill (2011) trúði því að tónlist gæfi stórkostlegt tækifæri til að virkja sköpunarkraftinn hjá börnum og mikilvægast af öllu væri að leyfa þeim að skapa sína eigin tónlist. Báðir hópar náðu settu markmiði og sömdu lag með upphaf, miðju og endi. Verkefnið var krefjandi, en ég reyndi eftir fremsta megni að hafa þægilegt andrúmsloft, hvetja nemendur til dáða og taka vel á móti öllum hugmyndum og tillögum. Þetta átti fyrst og fremst að vera gaman.

Textavinnan var svipuð hjá báðum hópum. Það var gott að rifja upp lög sem við höfðum unnið í vetur, ræða um þau bæði efnislega og út frá málfræðiatríðum eins og rími. Eins var mikilvægt að tengja verkefnið við fyrirmyndarmálgreinarnar sem við höfðum unnið í vetur. Það var gert til að útskýra að málgreinarnar þurftu að hafa upphaf, miðju og endi. Hugmyndavinnan í byrjun hjálpaði nemendum við að setja saman orð í setningar en hún gekk hægt. Í þetta skiptið lögðum við áherslu á rím en hægt er að nálgast verkefnið með öðrum hætti og/eða samþætta við aðrar námsgreinar. Ég nálgadist vinnuna með laglínuna á annan hátt í seinna skiptið sem mér fannst skipta sköpum. Í stað þess að kalla eftir hugmyndum bað ég alla nemendur að móta eina hendingu og síðan fundum við út í sameiningu hvað okkur fannst passa best, meðal annars með hliðsjón af texta og hrynjanda. Þetta var meðvituð ákvörðun, ég vildi að allir fengju að spreyta sig. Verkefnið reyndi á samskipti og samvinnu. Það fallega við þessa vinnu var að allir nemendur stóðu jafnfætis andspænis verkefninu, enginn var framar öðrum. Það myndaðist ákveðin samkennd og samhugur hjá þeim og þeir voru óhræddir við að leggja sitt af mörkum til lagsins. Það var tekið vel í allar hugmyndir og þeir voru áhugasamir og stoltir af framlagi sínu.

Hjá Winters og Griffin (2014) kom fram að söngur og tónlistarsköpun gefur börnum tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, skilja hugmyndir sínar betur og eiga í samfélagi við aðra, með einstökum hætti. Það skal tekið fram að hugmyndavinnan og myndun málgreina var nemendum ekki auðveld sem var ástæðan fyrir því að ég breytti verkefninu og prófaði nýja nálgun. Það reyndist mikið gæfuspor. Það hjálpaði þeim að hafa myndir til að styðjast við, eiga samtal um þær og að hafa farið yfir alla myndasöguna í innlögninni. Það auðveldaði þeim að finna orð og setja þau saman í eina heild, málgrein.

5.3 Verkefni 3 – Hlustun, upplifun og skráning

Markmiðið með verkefninu var fyrst og fremst hlustun. Hlustunin sem slík gekk vel og nemendur virtust njóta tónlistarinnar. Að því leyti náðu þeir settu markmiði. Verkefnið eins og það var sett upp í byrjun var líklega of þungt fyrir nemendur, það hefði verið áhugavert að breyta nálguninni eins og rætt var um í ígrunduninni en ekki gafst tími til þess.

5.4 Verkefni 4 – Cup song/bollalagið

Markmiðið með verkefninu var fyrst og fremst að þjálfra samhæfingu söngs og hreyfingar og hvetja til þess að nemendur æfðu sig heima. Það verður að segjast eins og er að þetta var það verkefni sem nemendur voru spenntastir fyrir. Það var gaman að fylgjast með þróuninni, frá því að þeir horfðu á mig undrunaraugum þegar ég sýndi þeim hvað þau áttu að læra, þar til að þau rúlluðu þessu upp eins og ekkert var. Sumir þurftu aðeins meiri æfingu en allir voru tilbúnir að reyna og höfðu gaman að. Margir nemendur sögðu mér frá því að þau hefðu æft sig heima og sýnt foreldrum sínum, jafnvel reynt að kenna þeim. Hjá strákahópnum fannst mér merkilegt að þeir nemendur sem virtust eiga auðveldast með að ná hreyfingunum voru þeir nemendur sem lásu flest orð á lesfimiþrófi í janúar síðastliðnum. Dellatolas o.fl (2009) sýndu fram á að hæfni fimm til sex ára barna í að endurtaka einföld taktmynstur væri forspá um frammistöðu í lestri í öðrum bekk, sem endurspegladist í verkefninu.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar ritgerðar ber að túlka með fyrirvara. Ekki er hægt að fullyrða að sú tónlistaríhlutun sem hér var notuð efli málkunnáttu tvítyngdra barna hvorki tímabundið eða til lengri tíma, né heldur er hægt geta sér til um hversu mikil áhrif hún hefur. Til að fá betri svör mætti gera stærri rannsókn með samanburðarhópi, sem nær yfir lengra tímabil.

Það væri áhugavert að nota markvissa tónlistaríhlutun með nemendahópi og fylgja honum svo eftir í tvö til þrjú ár og bera saman árangur á lesskilnings- og/eða lestrarprófum við annan hóp sem ekki hefur hlotið samskonar íhlutun. Einnig mætti rannsaka með nákvæmari hætti „ósýnilegu“ áhrifin, hvort tónlistaríhlutun í skóla geti í raun aukið notkun tungumálsins utan skóla. Hluti af gagnaöflun gæti verið könnun meðal foreldra/forráðamanna. Sönglög hafa það fram yfir talaðan texta að þau eru oftast endurtekin með reglulegu millibili og eiga til að festast betur í minni. Eitt er víst að þau eru skemmtileg og dýrmæt fyrir börn á öllum aldri, bæði sem hluti af málörvun og til að brjóta upp skólastarf og stuðla að góðum bekkjarbrag.

Heimildir

- Anshel, A. og Kipper, D. (1988). The Influence of Group Singing on Trust and Cooperation. *Journal of Music Therapy*, 25(3), 145-155.
- Anwari, S.H., Trainor, L.J., Woodside, J. og Levy, B.A. (2002). Relations among musical skills, phonological processing, and early reading ability in preschool children. *Journal of experimental child psychology*, 83(2), 111-130. doi: 10.1016/S0022-0965(02)00124-8
- Armstrong, T. (e.d.). Multiple Intelligences. American Institute for Learning and Human Development. Sótt 16.apríl 2021 af:
<https://www.institute4learning.com/resources/articles/multiple-intelligences/>
- Bailey, B.A. og Davidson, J.W. (2002). Adaptive Characteristics of Group Singing: Perceptions from members of a choir for homeless men. *Musicae Scientiae*, 6(2), 221-256.
- Biddulph, J. og Wheeler, J. (2017). Singing in the primary curriculum. Í P.Burnard og R. Murphy (höfundar), *Teaching music creatively, learning to teach in the primary school series (2.útg.)*, (bls.69-84). Routledge.
- Boyd, A.E. (1989). Music in Early Childhood. *Childhood in the 21st century (ráðstefna. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED310863.pdf>*
- Campbell, P. S. (2010). *Songs in their heads: Music and its meaning in Children's lives (2.útg.)*. New York, NY: Oxford University Press.
- Collier, V.C. (1989). How long? A synthesis of research of academic achievement in a second language. *Tesol quarterly*, 23(3), 509-531.
- DeCasper, A.J. og Spence, M.J. (1986). Prenatal maternal speech influences newborns' perception og speech sounds. *Infant behavior and development*, 9(2), 133-150.
- Dellatolas, G., Watier, L., Le Normand, M.T., Lubart, T. og Chevrie-Muller, C. (2009). Rhythm reproduction in kindergarten, reading performance at second grade, and developmental dyslexia theories. *Archives of Clinical Neuropsychology*, 24, 555-563.
- Elín Þöll Þórðardóttir (2019, 13.janúar). Hafa ekki íslenskukunnáttu í samræmi við aldur. *Rúv*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/hafa-ekki-islenskukunnattu-i-samraemi-vid-aldur>
- Elín Þöll Þórðardóttir (2019, 18.janúar). Ættu öll börn á Íslandi að kunna íslensku? Hvað þarf til? Erindi á vegum Menntamálastofnunar, Reykjavík. Sótt af <https://vimeo.com/313791014>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2019, 19.september). Hætta á einangrun tvítyngdra barna. *Morgunblaðið*.

- Engh, D. (2013). Why use music in English language learning? A survey of the literature. *English language teaching*, 6(2), 113-127.
- Fellaskóli (e.d.). Frístundastarf. Sótt af <http://fellaskoli.is/nemendur-3/fristundastarf/>
- Gill, R. (2011, 16.júní). The value of music education. YouTube. Sótt af <https://www.youtube.com/watch?v=HeRus3NVbwE>
- Gordon, I., Martin C., Feldman, R. og Leckman, J.F. (2011). Oxytocin and social motivation. *Developmental Cognitive Neuroscience*. 1 (4), 471-493.
- Gregory, A. H., Worrall, L. og Sarge, A. (1996). The development of emotional responses to music in young children. *Motivation and emotion*, 20, 341-348.
- Hafþór Guðjónsson. (2011). Kennarinn sem rannsakandi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/011.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2019). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur/>
- Hartshorne, J.K., Tenenbaum, J.B. og Pinker, S. (2018). A critical period for second language language acquisition: Evidence from 2/3 million english speakers. *Elsivier*, 177, 263-277).
- Heyning, L. (2010). The enhancement of musical and other learning for both teachers and students through a weekly choir session. *Australian journal of music education*, 1, 58-70.
- Hine, G. S. C. (2013). The importance of action research in teacher education programs. *Issues in Educational Research*, 23 (2), 151-163.
- Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010). Breytingastofa og starfendarannsókn í Menntaskólanum við Sund. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland (2018). *Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál. Greining á stöðu og tillögur um aðgerðir*. Reykjavík: Menntamálastofnun. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/isat-nemendur-greining_feb_2018_0.pdf
- Juslin, P.N., Laukka, P. (2004). Expression, perception, and induction of musicale emotions: A review and a questionnaire study of everyday listening. *Journal of new music research*, 22(3), 217-238).
- Kirschner, S., Tomasello, M. (2010). Joint music making promotes prosocial behavior in 4-year old children. *Evolution and Human Behavior*, 31(5), 354-364.
- Kreutz, G. (2014). Does singing facilitate social bonding? *Music and medicine*, 6(2), 51-60.

- Lervag, A. og Aukrust, V.G. (2010). Vocabulary knowledge is a critical determinant of the difference in reading comprehension growth between first and second language learners. *The journal of child psychology and psychiatry*, 51(5), 612-620.
- Marens, M. (2020, 9.júní). Gardner's theory of multiple intelligences. Sótt af <https://www.simplypsychology.org/multiple-intelligences.html>
- McNiff, Jean. (2010). *Action Research for professional development. Concise advice for new (and experienced) action researchers*. Great Britain: September books.
- Menntamálastofnun (2018). PISA 2018. Helstu niðurstöður á Íslandi. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík*: Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lislib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>
- Merriam, A. (1964). *The Anthropology of Music*. Evanston: Northwestern University Press.
- Miðja máls og læsis - Reykjavíkurborg (2019). *Að ala upp tví- og fjöltyngd börn á Íslandi. Vorráðsstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins*. Sótt af https://www.greining.is/static/files/2019/Vorradsstefna_2019/kriselle_lou_suson_jons_dottir.pdf
- Moreno, S. (2009). Can Music Influence Language and Cognition? *Contemporary Music Review*, 28: 329-345.
- Murphey, T. (1992). *Music and Song*. Oxford, England: Oxford University Press.
- Pascale, L.M. (1999). The power of simply singing together in the classroom. *The phenomenon of singing*, 2.hefti. Sótt af <https://journals.library.mun.ca/ojs/index.php/singing/article/view/673/587>
- Purnell-Webb, P., & Speelman, C. P. (2008). Effects of Music on Memory for Text. *Perceptual and Motor Skills*, 106(3), 927-957.
- Reykjavíkurborg. (2021). Frístundaheimili. Sótt af <https://reykjavik.is/fristundaheimili>
- Rouget, G. (1985). *Music and trance*. Chicago: University of Chicago Press.
- Rubin, D. (1995). *Memory in oral traditions: the cognitive psychology of epic, ballads, and counting-out rhymes*. New York: Oxford University Press.
- Russell-Bowie, D. (2009) What me? Teach music to my primary class? Challenges to teaching music in primary schools in five countries. *Music Education Research*, 11(1), 23-36.
- Sagor, R. (2000). Guiding school improvement with action research. Sótt af <http://www.ascd.org/publications/books/100047/chapters/What-Is-Action-Research.aspx>

- Schellenberg, E.G., Corrigan, K.A., Dys, S.P. og Malti, T. (2015). Group music training and children's prosocial skills. *Plos one*, 10(10).
<https://doi.org/10.1371/journal.pone.0141449>
- Schnorr, S. (2018, 21.nóvember). Why language skills are so important. Sótt af <https://www.hrzone.com/community/blogs/sabineschnorr/why-language-skills-are-so-important>
- Seaton, D. (1991). *Ideas and styles in the western musical tradition*. California: Mayfield Publishing Company.
- Shore, R. og Strasser, J. (2006). Music for their minds. *YC Young children*, 61(2), 62-67.
- Sigurður J. Grétarsson. (2000, 5. júlí). Er sannað að greindarpróf verki? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=616>.
- Sloan, D. (1990). Pestalozzi. *In the world book encyclopedia*, 15, bls. 317. Chicago: World Book, Inc.
- Sloboda, J. A. (1990). Music as a language. Í F. R. Wilson og F. L. Roehmann (ritstjórar), *The biology of music making: proceedings of the 1987 Denver conference* (bls. 28-43). St. Louis, MO: MMB Music Inc.
- Stokes, J. (2008). The effects of music on language acquisition. *CELE J*, 16, 23-32.
- Streeter, L. (1976). Language perception of two-month-old infants shows effects of both innate mechanisms and experience. *Nature*, 259(5538), 39-41.
- The glossary of Education Reform (n.d.). Action Research Definition. Sótt af: <https://www.edglossary.org/action-research/>
- Trehub, S. E., Trainor, L. J. (1998). Singing to infants: Lullabies and playsongs. Í ed. by C.R. Collier, L.P. Lipsitt og H.Hayne (ritstjórar). *Advances in infancy research*, 12(2), 43-77. Greenwood Publishing Group.
- Trollinger, V. L. (2010). The Brain in Singing and Language. *General Music Today*, 23(2), 20-23.
- Van de Carr, R., & M. Lehrer. (1986). Enhancing early speech, parental bonding, and infant physical development using prenatal intervention in standard obstetric practice. *Pre- and Perinatal Psychology Journal* 1(1),20-30.
- Wallace, W. T. (1994). Memory for music: Effect of melody on recall of text. *Journal of Experimental Psychology: Learning, Memory, and Cognition*, 20(6), 1471-1485
- Winters, K-L. (2013). *Beyond words. Using the arts to enhance early reading comprehension*. Birmingham, AL: Look Again Press.
- Winters, K.L. og Griffin, S, M. (2014). Singing is a Celebration of Language: Using Music to Enhance Young Children's Vocabularies. *Language and Literacy*, 26(3), 78.

Aðrar heimildir:

Sótt af

<http://www.languagesbysongs.eu/doc-en-it.htm>